

Fundargerð 306. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 5. nóvember 2024
Fundartími: 16:00-17:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Sigrún Hrefna Arnardóttir
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta erindi frá Hreggviði Hermannssyni undir lið 16. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 290, dags. 23.10.2024

- a) **Heiðargerði 6 L209870; Hraungerði L166239; Minnkun lóðar – 2410016**
Lögð er fram beiðni sem tekur til skilgreiningar á afmörkun lóðar Heiðargerði 6 L209870. Í breytingunni felst að lóðin minnkar.
Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða beiðni um afmörkun lóðar vegna Heiðargerðis 6 L209870; Hraungerði L166239.


Samþykkt með 5 atkvæðum.

- b) **Halakot IV L227846; byggingarheimild; hesthús – viðbygging og gestahús – 2410029**
Móttekin var umsókn þann 07.10.2024 um byggingarheimild fyrir 18,5 m² viðbyggingu við hesthús ásamt breytingum á innra skipulagi og 35,5 m² gestahúsi á landinu Halakot IV L227846 í Flóahreppi. Heildarstærð á hesthúsi eftir stækkun verður 550,9 m².
Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn um byggingarheimild fyrir 18,5 m² viðbyggingu við hesthús ásamt breytingum á innra skipulagi og 35,5 m² gestahúsi á landinu Halakot IV L227846 í Flóahreppi. Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) **Halakot II L196517; byggingarheimild; mhl 02 breytt notkun – gestahús – 2408069**



Móttækin var umsókn þann 08.10.2024 um byggingarheimild fyrir breyttri notkun mhl 02 í gestahús og stækkun millilofts á íbúðarhúsalóðinni Halakot II L196517 í Flóahreppi. Heildarstærð á mhl 02 verður 158,4 m².

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn um byggingarheimild fyrir breyttri notkun mhl 02 í gestahús og stækkun millilofts á íbúðarhúsalóðinni Halakot II L196517. Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Efri-Sýrlækur L166327; Efri-Sýrlækur 4, 5, 6, 7 og 8; Staðfesting á afmörkun og stofnun lóða – 2402015

Lögð er fram merkjalýsing dags. 18.10.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024, er varðar landskipti jarðarinnar Efri-Sýrlækur L166327. Afgreiðslu málsins var frestað á 274. fundi skipulagsnefndar, sem staðfest var af sveitarstjórn Flóahrepps, þar sem fyrirhuguð skipting sumarhúsalóða innan jarðarinnar var í ósamræmi við gildandi deiliskipulag og skipulagsfulltrúa jafnframt falið að yfirfara tillöguna m.a. m.t.t. heimilda aðalskipulags er varðar landskipti á landi í flokki I og II.

Skv. fyrirleggjandi merkjalýsingu þá er gert ráð fyrir að stofnaðar verði 5 landeignir, Efri-Sýrlækur 4, 5, 6, 7 og 8, úr jörðinni sem verður 43,6 ha eftir skiptingu. Afmörkun lóða nr. 4 og 5 er í samræmi við tillögu að deiliskipulagsbreytingu frístundasvæðisins í landi Efri-Sýrlækjar sem samþykkt var í sveitarstjórn Flóahrepps þ. 01.10.2024.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun og breytta skráningu lóðanna skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu er varðar landskipti jarðarinnar Efri-Sýrlækur L166327 og samþykkir afmörkun og breytta skráningu lóðanna skv. framlagðri merkjalýsingu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Stóra-Ármót L166274; Stækkun íbúðarbyggðar; Aðalskipulagsbreyting – 2408030

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið sem breytingin nær til er úr landi Stóra-Ármóts L166274. Áætlað er að stækka 9 ha íbúðarbyggð um 4 ha og fjölga lóðum úr 7 í 10, um 1,3 ha hver lóð. Svæðið er skilgreint sem íbúðarbyggðarsvæði ÍB4 í gildandi aðalskipulagi. Landbúnaðarland minnkar sem nemur breytingunni. Deiliskipulag svæðis verður breytt samhliða breytingu aðalskipulags.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna Stóra-Ármóts L166274; Stækkun íbúðarbyggðar; til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 213, dags. 16.10.2024

Lagðar fram til kynningar.

3. Erindi frá Ágústi Bogasyni ehf. – Ósk um lóðaúthlutun í Heiðargerði 1

Fyrir liggur erindi frá Ágústi Bogasyni ehf. Í erindinu er óskað eftir því að fá úthlutaðri lóðinni Heiðargerði 1 L209861 sem er á iðnaðarsvæði (I6) í aðalskipulagi Flóahrepps. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að úthluta lóðinni til Ágústis Bogasonar ehf. kt. 610205-0620, með fyrirvara um að sveitarfélagið og umsækjandi komist að samkomulagi og gangi frá lóðarleigusamningi um lóðina. Sveitarstjórn leggur áherslu á að framkvæmdir á lóðinni hefjist innan 12 mánaða frá undirritun lóðarleigusamnings. Gatnargerðargjöld skulu innheimt skv. samþykkt fyrir gatnargerðargjöld í Flóahreppi og skulu gatnagerðargjöld taka mið af heildarfermetrafjölda þeirrar byggingar sem heimilt er að reisa að lóðinni. Stærð lóðarinnar Heiðargerði 1 er alls 4592 m² og nýtingarhlutfall lóðar er 0,3. Sveitarstjóra falið að ganga frá lóðarleigusamningi og í kjölfarið innheimtu gatnargerðargjalda skv. 6. gr. samþykktu um gatnargerðargjöld í Flóahreppi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Erindi frá RARIK – Ósk um leyfi fyrir lóð undir rofastöð við Félagslund

Fyrir liggur erindi frá RARIK þar sem óskað er eftir leyfi fyrir lóð 4m*5m til að setja upp 8 fm rofastöð við bílaplanið hjá Félagslund. Verkefnið snýst um styrkingu á dreifikerfi RARIK. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að stofnuð verði lóð fyrir rofastöð fyrir RARIK við bílaplanið hjá Félagslund. Sveitarstjóra falið að ganga frá stofnun lóðar undir rofastöð og ganga í kjölfarið frá lóðarleigusamningi við RARIK vegna lóðarinnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Dvalar- og inntökuskilyrði í leikskólanum Krakkaborg

Fyrir liggja uppfærð dvalar- og inntökuskilyrði í leikskólanum Krakkaborg. Fræðslunefnd hefur fjallað um uppfærðar dvalar- og inntökuskilyrði og gerir ekki athugasemdir. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlögð dvalar- og inntökuskilyrði í leikskólanum Krakkaborg.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Reglur fyrir skólamáltíðir við Flóaskóla

Fyrir liggja uppfærðar reglur fyrir skólamáltíðir við Flóaskóla sem skal endurskoða árlega. Fræðslunefnd hefur fjallað um uppfærðar reglur og gerir ekki athugasemdir. Helstu breytingar snúa að gjaldfrjálsum skólamáltíðum og möguleika starfsmanna að kaupa hádegisverð skv. gildandi gjaldskrá.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar reglur fyrir skólamáltíðir við Flóaskóla.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Reglur um frístundarheimili Flóaskóla

Fyrir liggja uppfærðar reglur um frístundarheimili Flóaskóla sem skal endurskoða annað hvert ár. Fræðslunefnd hefur fjallað um uppfærðar reglur og gerir ekki athugasemdir. Helstu breytingar snúa að opnunartíma, innritun og skilgreindri sumarfrístund. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar reglur fyrir frístundaheimili Flóaskóla.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Erindi frá Haraldi Jónssyni f.h. Yrupás ehf. og Yrpuholts ehf – Umsókn um framkvæmdaleyfi til kolefnisbindingar.

Fyrir liggur erindi frá Haraldi Jónssyni f.h. Yrpuás ehf. og Yrpuholts ehf. er varðar umsókn um framkvæmdaleyfi til skógræktar sem felur í sér kolefnisbindingu. Sveitarstjórn Flóahrepps felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram með landeiganda en bendir á að skipulagferli vegna fyrirspurnar um að breyta íbúðarsvæði í landbúnaðarland og skógrækt frá fundi sveitarstjórnar dags. 01.10.2024 er ólokið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi frá Atla Lilliendahl og Öldu Björk Ólafsdóttur – Ósk um styrk vegna jólamarkaðar í Þingborg

Fyrir liggur erindi frá Atla Lilliendahl og Öldu Björk Ólafsdóttur er varðar ósk um styrk vegna tveggja daga jólamarkaðar fyrir smáframleiðendur, handverksfólk og Beint frá Býli í Þingborg í byrjun desember. Óskað er eftir því að sveitarfélagið styrki verkefnið t.d með eftirgjöf af húsaleigu í Þingborg þangað til markaðurinn hefur burði til að standa á eigin fótum. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita 50% afslátt af húsaleigu vegna jólamarkaðar árið 2024. Húsaleiga fyrir helgarleigu er 170.000 kr miðað við gildandi gjaldskrá.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Erindi frá Reiðveganefnd Sleipnis – Ósk um framlag frá Flóahreppi

Fyrir liggur erindi frá Reiðveganefnd Sleipnis er varðar ósk um framlag Flóahrepps verði 2 milljónir á árinu 2024 í stað 1 milljónar. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum dags. 07.11.2023 að veita 1 milljón í styrk til reiðvegagerðar og viðhalds reiðvega á árinu 2024 og var sá styrkur greiddur út í mars 2024. Ekki er gert ráð fyrir frekara fjármagni í fjárhagsáætlun vegna reiðvegagerðar á þessu ári. Ósk um hækkun á framlagi er vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2025.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Styrkbeiðni frá Sjóðnum Góða

Fyrir liggur beiðni um stuðning frá Sjóðnum góða fyrir árið 2024. Sjóðurinn góði er samstarfsverkefni Lionsklúbba, kvenfélaga, félagsþjónustunnar í Árnassýslu, deilda Rauða krossins í Árnassýslu og Hjálparstarfs Kirkjunnar. Hlutverk sjóðsins er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðpurftum fyrir jólin. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita styrk að upphæð 150.000 kr fyrir árið 2024.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Styrkbeiðni frá Björgunarfélagi Árborgar – Neyðarkall 2024

Fyrir liggur erindi frá Björgunarfélagi Árborgar vega sölu á stóra neyðarkallinum. Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð 100.000 kr. fyrir árið 2024.

Samþykkt með 5 atkvæðum

13. Styrkbeiðni frá Stígamótum

Fyrir liggur erindi frá Stígamótum þar sem óskað er eftir fjárstuðningi fyrir árið 2025. Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi og vísar því til fjárhagsáætlunargerðar fyrir komandi ár.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

14. Jafnlaunaúttekt – Viðhaldsvottun

Þann 7. október fór fram viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi sveitarfélagsins en Flóahreppur fékk endurútgáfu á jafnlaunavottorði síu árið 2023 sem gildir til 2026. Úttektin var framkvæmd af BSI á Íslandi samkvæmt kröfum ÍST 85:2012 og kröfum um reglugerð nr. 1030/2017 um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins. Gerð var launagreining sem náði til alls starfsfólks sveitarfélagsins. Niðurstöður launagreiningar voru að kynbundinn launamunur er 2,2% konum í vil en var 3% konum í vil árið 2023 og fylgni milli starfaflokkunar og greiddra launa er 98,1%.

Markmið sveitarfélagsins er að óútskýrður launamunur sé enginn og að fylgni milli starfaflokkunar og greiddra launa sé ekki lægri en 90%.

Engin frábrigði komu í ljós í úttektinni en bent var á þrjú tækifæri. Skv. niðurstöðum úttektaraðila kemur fram vilji stjórnenda til að bæta verklag og vinna samkvæmt staðlinum. Sannreynt var að kerfið væri hannað til að ná markmiðum og stefnu skipulagsheildarinnar í janlaunamálum. Við skoðun kom fram að ferlar og stýringar jafnlaunakerfisins styðji við þá niðurstöðu. Niðurstöður launagreiningar hafa verið kynntar fyrir starfsmönnum og lokafundur haldinn hjá skilgreindum stjórnendum skv. verklagsreglum í jafnlaunakerfinu. Sveitarstjórn Flóahrepps lýsir yfir ánægju sinni yfir niðurstöðum viðhaldsúttektar fyrir árið 2024.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Erindi frá fulltrúum Þingborgar svf.

Fyrir liggur erindi frá fulltrúum Þingborgar svf. er varðar Gömlu Þingborg. Í erindinu er saga og starfsemi Þingborgarhópsins rakin í stuttu máli og bent á helstu störf og verkefni hópsins frá árinu 1990 og þýðingu þeirra fyrir nærumhverfið. Í erindinu lýsa fulltrúar Þingborgarhópsins því yfir að hópnum hafi verið brugðið vegna ákvörðunar sveitarstjórnar Flóahrepps frá 15.10.2024 um að auglýsa fasteignirnar F2201101 og F2271723 til sölu þar sem sala á húsinu myndi að mati hópsins setja starfið í uppnám. Þingborgarhópurinn fer fram á eftirfarandi í framlögðu erindi:

- Að Gamla Þingborg verði afhent hópnum til eignar endurgjaldslaust.
- Að Flóahreppur styðji starfsmi Gömlu Þingborgar með því að fella niður gjöld af húsinu.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi. Sveitarstjórn fundaði með tveimur fulltrúum Þingborgarhópsins fyrir fund sveitarstjórnar þar sem bréfinu var fylgt eftir en hópurinn telur alls 27 konur og þar af eru 5 búsettar í Flóahreppi.


Uppsafnað tap á rekstri Gömlu Þingborgar eru tæpar 5,4 milljónir á síðustu 7 árum þrátt fyrir innkomnar leigutekjur á þeim árum. Viðhaldi og endurbótum hefur ekki verið sinnt eins og þörf krefur og ljóst að húsið þarfnast töluverðra endurbóta á næstu árum.

Sveitarstjórn Flóahrepps hafnar framlögðu erindi í þeirri mynd sem það er lagt fyrir og er með þeirri ákvörðun að gæta að hagsmunum íbúa sveitarfélagsins og fylgja ábyrgri fjármálastjórnun og ráðstöfun eigna sveitarfélagsins. Sveitarstjórn ber að gæta jafnræðis í ákvörðunum sínum en ljóst er að ákvörðun um að gefa frá sér eignir eða fella alfarið niður gjöld af eignum skapar fordæmi til framtíðar. Sveitarstjórn ítrekar fyrri bókun sína frá fundi dags. 15.10.2024 þar sem ákvörðun var tekin um að undirbúa sölufarli á ofangreindum fasteignum og óska eftir tilboðum í fasteignirnar í því ástandi sem þær eru í. Fulltrúum Þingborgar svf. er bent á möguleikann á því að senda inn tilboð í fasteignirnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

16. Erindi frá Hreggviði Hermannssyni – Krafa um niðurfellingu á leyfi vegna hótelbyggingar

Fyrir liggur erindi frá Hreggviði Hermannssyni þar sem þess er krafist að sveitarstjórn Flóahrepps felli úr gildi leyfisveitingu fyrir hótélbyggingu á Langholti 2 spildu (Langholt 2 land L205113). Vísað er í deiliskipulag sem samþykkt var af sveitarstjórn Flóahrepps 8. janúar 2014 sem nær til ríflega 2 ha landsspildu úr landi Langholts 2 og Langholts 3. Í erindinu er því haldið fram að skilgreining verslunar og þjónustu hafi ekki verið samþykkt fyrir Langholt 2 spildu (Langholt 2 land) heldur nái það eingöngu yfir Langholt 3. Deiliskipulagið vísi í heimild í aðalskipulagi um að hafa sérhæfðar byggingar, þar sem aðstæður leyfa, fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað á jörð í ábúð. Þar er vísað til jarðarinnar Langholts 3 í erindinu. Einnig eru gerðar eru athugasemdir um aðkomu að hótélbyggingu frá Langholtsvegi nr 318 og



aðkomu að norðan sem myndar krossmark sem þoli að hans mati ekki aukna umferð sem myndi fylgja hóteli.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi og samþykkið að fela sveitarstjóra ásamt skipulagsfulltrúa að skoða þau gögn sem til eru sem snúa að málinu. Skoða þurfi betur ferli deiliskipulagsins og skilgreiningar verslunar og þjónustu í aðalskipulagi svo sveitarstjórn geti tekið upplýsta afstöðu til erindisins. Erindinu frestað þar til frekari gögn og upplýsingar liggja fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

17. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 305, dags. 15.10.2024
- b) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 26, dags. 15.10.2024
- c) Fræðslunefndar nr. 153, dags. 22.10.2024
- d) Umhverfis- og samgöngunefndar nr. 7, dags. 28.10.2024
- e) Öldungaráðs Uppsveita og Flóa nr. 2, dags. 09.10.2024
- f) Framkvæmdaráðs Almanna- og Almanna-Árnessýslu nr. 8, dags. 08.10.2024
- g) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 328, dags. 16.10.2024
- h) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 114, dags. 23.10.2024
- i) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna dags. 22.10.2024 og 28.10.2024
- j) Ársfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 09.10.2024
- k) Fundar vegna hringveggar um Ölfusá nr. 9, dags. 18.10.2024
- l) Stjórnar Bergrisans nr. 78, dags. 07.10.2024
- m) Aðalfundar Bergrisans bs. dags. 14.10.2024 ásamt skýrslu stjórnar, greinargerðar vegna útkomuspár og fjárhagsáætlunar 2025 og samþykkt fjárhagsáætlun 2025
- n) Stjórnar Arnardrangs hses nr. 18, dags. 21.10.2024
- o) Aðalfundar Samtaka Orkusveitarfélaga dags. 09.10.2024
- p) Aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna dags. 29.10.2024 ásamt fjárhagsáætlun 2025

Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna fyrir árið 2025.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- q) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 953, dags. 25.10.2024

18. Efni til kynningar

- a) Frá Óbyggðanefnd – Þjóðlendumál: eyjar og sker
- b) Frá Vegagerðinni – Tilkynning um stöðu verkefnisins Endurskoðun leiðarkerfis landsbygðarvagna 2024
- c) Frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun – Opið fyrir umsóknir um stofnframlög
- d) Frá Skógræktarfélagi Íslands – Ályktun frá aðalfundi
- e) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 19. nóvember kl. 16:00 í Þingborg og í beinu streymi.

19. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.




Arni Eiríksson (sign)

Sigrún Hrefna Arnardóttir (sign)



Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

1322



Fundargerð nr. 27

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	Þriðjudagur 5. nóvember 2024
Fundartími:	8:00-10:00
Fundarmenn:	Heimir Rafn Bjarkason Hjalti Guðmundsson Sveinn Orri Einarsson, varamaður fyrir Harald Einarsson Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Að auki sat Árni Eiríksson oddviti fundinn
Börkur Brynjarsson ráðgjafi sat undir lið
Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna sat undir lið

Heimir Bjarkason stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Staða verkefna hjá ráðgjafa í vatnsveitu

a) Staða í Brandshúsum

Börkur Brynjarsson fór yfir stöðu mála í Brandshúsaahverfinu.

Klára þarf að mynda lagnirnar og fá heildarsýna á kerfið upp á framtíðina.
Sveitarfélagið sendi svo tilmæli til íbúa sem byggist á því hvað kemur út úr því.

Klára þarf verk við rotþrær í haust og setja brunna fyrir framan rotþrærnar.

Klára svo framkvæmdir í vor sem eru inni á lóðum.

Sveitarstjórn skoði að gera gjaldskrá fyrir fráveitugjöld.

Berki Brynjarssyni falið að vinna málið áfram.

b) Verksamningur Huldu- og Maríuhólar

Börkur Brynjarsson mun hafa samband við framkvæmdaaðila vegna kostnaðar við samtengingar. Miðað við drög að kostnaðarskiptingu þá er kostnaður við lagnaskurð í kringum 8 milljónir. Búið er að innheimta vegna 5 tenginga vegna vatnsveitu.

Börkur Brynjarsson klárar að setja upp verksamninginn og Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri mun svo undirrita fyrir hönd Flóahrepps.

c) Kortlagning vatnsveitu

Börkur Brynjarsson kynnti lauslega kortagrunninn Gagnaland.

Framkvæmda- og veitunefnd óskar eftir frekari kynningu í nóvember eða desember.

d) Staða vegna fjárfestinga 2024



Um 5 milljónir munu fara í eftirlitskerfið og ljósleiðarateningar fyrir árslok. Flokkast sem fjárfesting í vatnsveitunni.

Hægt að reikna með um 10 milljónum fyrir árslok í undirbúning á framkvæmd við dæluskúr (skipulagsmál, teiknivinna, dælur). Flokkast sem fjárfesting í vatnsveitunni.

Börkur Brynjarsson er búinn að setja af stað vinnu við hönnun fyrir dæluskúr við Þjóðveg 1. Sveitarstjóri setur af stað mál vegna stofnunar lóðar undir dæluskúr í samráði við skipulagsfulltrúa og landeiganda.

2. Fjárhagsáætlun 2025 vatnsveita

- Framkvæmda- og veitunefnd kallar eftir kostnaðaráætlun frá Berki Brynjarssyni fyrir næsta ár og næstu þrjú ár þar á eftir skv. verkefnalista og forgangsröðun frá 26. fundi nefndarinnar.
- Oddviti og sveitarstjóri kalla eftir fundi með Sveitarfélaginu Árborg og Grímsnes og Grafningshreyppi til að skoða betur fjárfestingu í Kaldárhöfðaverkefninu á árinu 2025.

3. Framkvæmda- og viðhaldsáætlun fasteigna 2025

Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna kom inn á fundinn og fór yfir drög að viðhalds- og framkvæmdaáætlun ársins 2025.

Sveitarstjóri tók niður punkta nefndarinnar og verður áætlunin lögð fyrir sveitarstjórn í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2025.

4. Önnur mál

Árni Eiríksson oddviti fór yfir ýmis verkefni sem eru framundan hjá sveitarfélaginu.

Verið er að klára deiliskipulag fyrir stækkun á svæðinu í Heiðargerði. Búið er að úthluta öllum lóðum á núverandi svæði.

Verið er að undirbúa íbúðarbyggð við Þingborg. Stefnt á gatna- og veituhönnun á næstu mánuðum þannig að hægt sé að bjóða út verkið og hefja framkvæmdir í vor/sumar 2025.

Fyrirhugað er að byggja við Flóaskóla og huga þarf að stækkun á leikskóla innan fárra ára.

Vilji er til að fara í breytingar á sal í Þingborg til að bæta aðstöðu.

Rætt um að huga þurfi að forgangsröðun fjárfestinga.

Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 19. nóvember kl. 8:00 í Þingborg.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra

Hulda Kristjánsdóttir

From: Nanna Jónsdóttir <nanna@utu.is>
Sent: föstudagur, 15. nóvember 2024 08:43
To: Ásahreppur Ásahreppur; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; Grímsnes- og Grafningshreppur; hruni@fludir.is; skeidgnup@skeidgnup.is; Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Fundargerð
Attachments: Stjórn byggðasamlags UTU - 116.pdf; Fjárhagsáætlunarlíkan UTU 2025-2028.pdf; Minnisblað - UTU-vsk.pdf

Sæl verið þið

Meðfylgjandi í viðhengi er fundargerð stjórnar UTU nr. 116 ásamt fjárhagsáætlun 2025-2028 sem þarfnast staðfestingar aðildarsveitarfélaganna. Set einnig í viðhengi minnisblað sem KPMG tók saman fyrir okkur vegna rekstur á seyruverkefninu ykkur til upplýsinga, en við munum reka seyruverkefnið í samræmi við niðurstöður minnisblaðsins.

Bestu kveðjur,
Nanna Jónsdóttir
Skrifstofustjóri



Hverabraut 6
840 Laugarvatn
Sími: 480-5550

www.utu.is

Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í [pósthólfinu þínu á island.is](http://postholfinu.binu.island.is) (mínar síður)

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa efni þeirra né skrá þau hjá þér né notfæra þau á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að þau hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu varða bótaábyrgð og refsingu skv. 74. gr. laganna.

Stjórn byggðasamlags UTU - 116. fundur
haldinn á Teams, miðvikudaginn 13. nóvember 2024
og hófst hann kl. 10:30

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Ása Valdís Árnadóttir, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Stjórn UTU

Grímsnes- og Grafningshreppur hefur endurskipað í stjórn, Ásu Valdísi Árnadóttur sem aðalmanng og Björn Kristinn Pálmarsson til vara.

Lagt til að Helgi Kjartansson verði varaformaður í stað Björn Kristinn Pálmarsson.

Samþykkt samhljóða.

2. Minnisblað vegna reksturs seyruverkefnisins

Lagt fram minnisblað sem KPMG tók saman vegna innheimtu verkefna sem tengjast seyruverkefninu.

Stjórn gerir ekki athugasemd við niðurstöður fyrirliggjandi minnisblaðs.

Samþykkt samhljóða.

3. Tilboð KPMG um endurskoðun á rekstri UTU

Lagt fram tilboð frá KPMG.

Stjórn samþykkir að fá KPMG í verkið. Formanni, Helga og Ásu Valdísi falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður.

Samþykkt samhljóða.

4. SATS 2025

Lögð fram beiðni frá Haraldi Birgi Haraldssyni, stjórnarmanni Samtaka tæknumanna sveitarfélaga (SATS) um að vofundur SATS verði haldinn á starfssvæði UTU. Reikna má með allt að 100-120 manns og flestir þurfa gistingu.

SATS greiðir 750 þúsund kr. í styrk til að minnka kostnað við utanumhald hjá gestgjafa. Vorfundurinn er í tvo daga og finna þarf aðila sem koma á fundinn, fyrirtæki sem vilja bjóða heim, kosta þarf rútur í skoðunarferðir, veitingar og fl. Gert er ráð fyrir að fyrra kvöld ráðstefnunnar sé í boði gestgjafa ráðstefnunnar, SATS bíður á seinna kvöldið.

Stjórn samþykkir að UTU verði gestgjafi vorfundar SATS 2025 og að fundurinn verði haldinn á starfssvæði embættisins, skrifstofustjóra falið að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun UTU 2025-2028

Önnur umræða um fjárhagsáætlun embættisins fyrir árið 2025.

Fjárhagsáætlun 2025 gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður lækki um tæp 9 % á milli ára og verði um 293,0 millj. kr. árið 2025, þar af deili aðildarsveitarfélögin með sér framlögum samkvæmt samþykktum hlutföllum að upphæð 263,7 millj. kr. sem er mismunur á áætluðum rekstrarkostnaði og sértekjum embættisins. Á móti framlögum aðildarsveitarfélaganna til embættisins koma m.a. tekjur af byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum sem UTU innheimtir fyrir aðildarsveitarfélögin.

Við gerð fjárhagsáætlun var stuðst við ársreikning ársins 2023, fjárhagsáætlun ársins 2024 auk upplýsinga úr bókhaldi embættisins fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2024.

Fjárhagsáætlunin tekur tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana sem og vísitöluhækkunar launa. Gert er ráð fyrir að ein bifreið embættisins verði endurnýjuð síðari hluta ársins þar sem lagðar verði út 5 millj. kr. Gert er ráð fyrir endurnýjun á kalkara ásamt kaupum á nýjum móttökubúnaði á Seyrustöðum, heildar kostnaður við kaupin eru áætluð 22,5 millj. kr. en gert er ráð fyrir að 5 millj. kr. vegna kaupanna lendi á núverandi rekstrarári því eru á áætlun fyrir árið 2025 17,5 millj. kr. vegna fjárfestingarinnar.

Stjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2025 og vísar henni til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

Samþykkt að breyta lokun á skrifstofu UTU yfir sumartímamann úr fjórum vikum í þrjár en á móti að loka skrifstofunni á milli jóla og nýjárs, þar sem starfsemin hefur verið í algjöru lágmarki á þeim tíma og vinsælt hefur verið hjá starfsmönnum að taka sér orlofsdaga á milli jóla og nýjárs.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:05

116. fundur Stjórnar byggðasamlags UTU
13.11.2024

Helgi Kjartansson

Walter Fannar Kristjánsson

Ása Valdís Árnadóttir


Jón Bjarnason

Haraldur Þór Jónsson

Ísleifur Jónasson


Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson




Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 14.11.2024
Tími: 10:53:59
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f020cbb0-65cd-4a5d-8eeb-4911c12e7ecc

Varaformaður
Helgi Kjartansson




Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 14.11.2024
Tími: 21:00:15
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f020cbb0-65cd-4a5d-8eeb-4911c12e7ecc

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson




Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 14.11.2024
Tími: 11:33:25
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f020cbb0-65cd-4a5d-8eeb-4911c12e7ecc

Aðalmaður
Jón Bjarnason




Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 14.11.2024
Tími: 20:39:20
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f020cbb0-65cd-4a5d-8eeb-4911c12e7ecc

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson



Undirritað af:
Walter Fannar
Kristjánsson
0609892229
Dags: 14.11.2024
Tími: 10:04:04
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f020cbb0-65cd-4a5d-8eeb-4911c12e7ecc

Aðalmaður
Ása Valdís Árnadóttir



Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 14.11.2024
Tími: 11:47:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f020cbb0-65cd-4a5d-8eeb-4911c12e7ecc

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.

	Skýr.	Rauntölur 2023	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Priggja ára áætlun		
					Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028
Rekstrarreikningur							
Tekjur:							
Framlög aðildarsveitarfélaga.....		159.541	222.813	263.780	276.969	285.278	292.410
Seld þjónusta.....		34.142	27.909	29.276	30.740	31.662	32.454
Aðrar tekjur.....		0	0	0	0	0	0
		<u>193.683</u>	<u>250.722</u>	<u>293.056</u>	<u>307.709</u>	<u>316.940</u>	<u>324.864</u>
Gjöld:							
Laun og launatengd gjöld.....		150.956	162.625	179.209	188.169	193.815	198.660
Annar rekstrarkostnaður.....		41.717	83.190	91.441	96.013	98.893	101.366
Afskriftir.....		2.239	2.201	4.951	7.201	7.201	7.201
		<u>194.912</u>	<u>248.016</u>	<u>275.601</u>	<u>291.383</u>	<u>299.909</u>	<u>307.226</u>
Niðurstaða án fjármagnsliða	(1.229)	2.706	17.455	16.326	17.031	17.637
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):							
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....		1.229	94	93	349	468	591
Rekstrarniðurstaða.....		0	2.800	17.548	16.674	17.499	18.229

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.

	Skýr.	Rauntölur 2023	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Þriggja ára áætlun		
					Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028
Efnahagsreikningur							
Eignir							
Fastafjármunir:							
Varanlegir rekstrarfjármunir:							
Áhöld og tæki		9.006	11.805	29.355	22.154	14.954	7.753
Fastafjármunir		9.006	11.805	29.355	22.154	14.954	7.753
Veltufjármunir:							
Skammtímakröfur:							
Önnheimtar tekjur		5.103	5.103	5.103	5.103	5.103	5.103
Aðrar skammtímakröfur		470	470	470	470	470	470
Fyrirframgreiddur kostnaður		279	0	0	0	0	0
Handbært fé.....		69.713	69.714	69.712	93.587	118.287	143.716
Veltufjármunir		75.565	75.287	75.285	99.160	123.860	149.289
Eignir samtals		84.571	87.371	104.919	121.593	139.093	157.321

31. desember
Eigið fé og skuldir

Eiginfjárreikningar:							
Eigið fé.....		0	2.800	20.348	37.022	54.522	72.750
Skammtímaskuldir:							
Aðrar skammtímaskuldir.....		84.571	84.571	84.571	84.571	84.571	84.571
		84.571	84.571	84.571	84.571	84.571	84.571
Skuldir og skuldbindingar samtals		84.571	84.571	84.571	84.571	84.571	84.571
Eigið fé og skuldir samtals		84.571	87.371	104.919	121.593	139.093	157.321

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.

				Þriggja ára áætlun					
	Skýr.	Rauntölur 2023	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028		
Sjóðstreymisýfirlit									
Rekstrarhreyfingar:									
Niðurstæða ársins.....		0	2.800	17.548	16.674	17.499	18.229		
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:									
Reiknaðar afskriftir		2.239	2.201	4.951	7.201	7.201	7.201		
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna		360	0	0	0	0	0		
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)		2.599	5.001	22.499	23.875	24.700	25.429		
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:									
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)		5.225	0	0	0	0	0		
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		21.079	0	0	0	0	0		
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum		26.304	0	0	0	0	0		
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		28.903	5.001	22.499	23.875	24.700	25.429		
Fjárfestingarhreyfingar:									
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(5.750)	(5.000)	(22.500)	0	0	0
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....		1.132	0	0	0	0	0	0	
Fjárfestingarhreyfingar	(4.618)	(5.000)	(22.500)	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar:									
Afborganir langtímalána.....		0	0	0	0	0	0		
Fjármögnunarhreyfingar		0	0	0	0	0	0		
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		24.285	1	(1)	23.875	24.700	25.429	
Handbært fé (fjárförf) í ársbyrjun		45.428	69.713	69.714	69.712	93.587	118.287		
Handbært fé (fjárförf) í árslok		69.713	69.714	69.712	93.587	118.287	143.716		

Samantekin áætlun 2025 Seyru og UTU

	Seyra	UTU	Samtals
Grímsnes og Grafningahreppur	38.743.626	56.506.969	95.250.595
Hrunamannahreppur	6.279.650	20.116.108	26.395.759
Bláskógabyggð	30.429.267	40.401.259	70.830.527
Flóahreppur	5.370.420	22.092.162	27.462.582
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	6.163.878	23.788.419	29.952.297
Ásahreppur	1.921.282	11.967.073	13.888.355
Framlög sveitarfélaga samtals	88.908.123	174.871.992	263.780.115
Aðrar tekjur	0	29.276.214	29.276.214
Tekjur og framlög samtals	88.908.123	204.148.206	293.056.330
Laun	27.479.347	151.729.685	179.209.032
Annar rekstrarkostnaður	43.928.776	47.512.437	91.441.213
Afskrift	0	4.951.000	4.951.000
	71.408.123	204.193.121	275.601.245
Fjármagnsliðir	0	-93.915	-93.915
Rekstrarniðurstaða	17.500.000	49.000	17.549.000

Seyruverkefni

Áætlun 2025

Rekstur og fjárfesting 2025

Sveitarfélag	A		B		C		D		Samtals Rekstur	A+B+C+D Samtals Rekstur fjárf.		
	Fjárfesting	Fjárfesting brúttó	Hlf. magn	Rekstur Seyrustaðir	Hlf. magn	Rekstur hreinistækja	Hf. magn	Rekstur þjónustufulltrúa				
Grímsnes og Grafningahreppur	43%	7.525.000	50%	9.435.275	43%	19.640.488	50%	2.142.862		31.218.626	38.748.626	
Hrunamannahreppur	9%	1.575.000	0%	230.933	9%	4.421.269	0%	52.448		4.704.650	6.279.650	
Bláskógabyggð	34%	5.950.000	38%	7.226.233	34%	15.611.872	38%	1.641.163		24.479.267	30.429.267	
Flóahreppur	5%	875.000	7%	1.519.541	5%	2.630.773	7%	345.106		4.495.420	5.370.420	
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	7%	1.225.000	5%	1.151.367	7%	3.526.021	5%	261.489		4.938.878	6.163.878	
Ásahreppur	2%	350.000	0%	230.933	2%	1.287.901	0%	52.448		1.571.282	1.921.282	
		17.500.000		17.500.000		100%	47.118.325		100%	4.495.515	71.408.123	88.908.123

A Fjárfesting	Áætlun
Kalkari	17.500.000
Fjárfesting 2	0
Fjárfesting 3	0
Fjárfesting 4	0
Fjárfesting 5	0
Samtals fjárfesting	17.500.000

B Rekstur Seyrustaðir:	Áætlun	Skv. magn	93%	7%
Tekjur v. losunar	0	0	0	0
Rekstur/fasteignagj og fi.	8.435.586	7.845.095	590.491	
Vörukaup	2.006.815	1.866.338	140.477	
Útseld vinna frá áhaldahúsi	0	0	0	0
Önnur þjónustukaup	9.351.882	8.697.250	654.632	
Samtals rekstur Seyrustaða	19.794.283	18.408.683	1.385.600	

C Rekstur á hreinistækjum:	Skv. magn	95%	5%
Tekjur v. losunar	0	0	0
Laun	18.719.347	17.783.380	935.967
Ólfa/vörukaup	1.351.996	1.284.396	67.600
Vörukaup	2.285.363	2.171.095	114.268
Skattar og gjöld	37.757	35.869	1.888
þjónustukaup	24.723.862	23.487.669	1.236.193
Samtals rekstur á hreinistækjum	47.118.325	44.762.409	2.355.916

D Rekstur þjónustufulltrúi	Skv. magn	93%	7%
Laun	3.400.000	3.162.000	238.000
Vörukaup	0	0	0
þjónustukaup	1.095.515	1.018.829	76.686
Samtals rekstur þjónustufulltrúa	4.495.515	4.180.829	314.686

UTU

Áætlun 2025

	UPPGJÖR Ársreikningur 2023	skipting 23	Áætlun 2024	skipting 24	Staða eftir 9 mánuði 2024	Spá um niðurstöðu ársins 2024	Áætlun 2025
Heiti bókhaldslykils							
Skeiða- og Gnúpverjalættur	21.702.938	13,6%	19.133.395	10,0%	16.722.929	15.699.929	23.788.419
Hrunamannalættur	18.352.571	11,5%	19.133.395	10,0%	7.461.300	15.699.929	20.116.108
Grimsnes og Grafningalættur	51.553.121	32,3%	61.226.865	32,0%	21.748.430	50.239.774	56.506.969
Flóahættur	20.155.388	12,6%	19.133.395	10,0%	7.639.227	15.699.929	22.092.162
Bláskógabyggð	26.859.363	23,1%	61.226.865	32,0%	22.003.448	50.239.774	40.401.259
Ásahættur	10.917.945	6,8%	11.480.037	6,0%	1.021.359	9.419.958	11.967.073
Adrar þjónustutekjur	0	0			143.500.482		
VEITARFÉLAGANNA SAMTALS:	189.541.328		191.333.952		220.097.175	156.999.293	174.871.992
Seldar vörur og þjónusta	34.142.107		29.755.225		32.326.951	27.908.689	29.276.214
HEILDARTEKJUR UTU bs.:	193.683.435		221.089.177		242.424.126	184.907.981	204.148.206
Laut	122.451.693		138.869.333		92.935.571	112.769.464	120.888.865
Dagpeningur							
Tryggingagjald	8.888.033		8.769.468		6.755.025	8.443.781	9.051.734
Lífeyrissjóðsframlag	16.256.707		16.136.698		12.332.246	15.415.308	16.525.210
Sjóðgjöld	3.757.298		3.778.182		2.817.658	3.522.073	3.775.662
Starfsmannabifreiðar skv. akstursbók	1.258.541		591.538		1.110.608	1.388.260	1.488.215
Ammar starfsmannatengdur kostnaður			0		0	0	0
Endurgreiddur símakostnaður	7.800		10.452			0	0
	152.622.072		168.155.671		115.951.108	141.538.885	151.729.685
Bækur, blöð og tímarit	1.194		0		0	0	0
Ritföng, pappír og bréfabindi	38.606		50.622		18.666	23.333	24.476
Skrifstofuvörur ósundurliðað	203.436		266.755		9.936	12.420	13.029
Tölvu- og hugbúnaður	612.848		842.934			840.000	881.160
Macvæli	58.128		76.220		62.373	77.966	81.787
Kaffivörur	401.438		385.721		326.966	408.708	428.734
Rafmagn	-8.717						
Smáverkfæri og áhöld	94.500		123.913		9.131	11.414	11.973
Adrir innanstokksmunir	86.798		3.000.000		341.588	1.426.985	1.496.907
Tölvu- og hugbúnaður	1.065.976		1.397.761		753.981	942.476	988.658
Eldhústæki og áhöld	8.492		11.135		373.461	466.826	489.701
Mínni tæki	524.065		747.641		153.545	191.931	201.336
Hraunlætisvörur	80.820		73.810		243.295	304.119	319.021
Vinnufatnaður			0			0	0
Önnur vörukaup	183.638		102.360		153.345	191.681	201.074
Internetþjónusta	495.846		489.256		204.540	255.675	268.203
Sími og fjarskiptþjónusta	260.782		224.777		340.093	425.116	445.947
Póstburðargjöld	129.570		107.608		81.794	102.243	107.252
Ammar akstur	235.000		308.144			0	0
Lögfræðisvörur	47.000		61.629		-45.636	-57.045	-59.840
Lögfræðisvörur E	345.868		401.502		57.725	322.156	337.942
Verkfæri- og arkitektþjónusta E			0		221.898	277.373	290.964
Endurskoðunar- og bókhaldsþjónusta E	2.356.865		3.503.702		2.190.434	2.738.043	2.872.207
Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta	53.940		70.729		106.276	132.845	139.354
Þjónustusamningar	9.232.471		5.986.808		4.877.387	6.096.734	6.395.474
Þjónustusamningar E	1.452.778		1.441.485		1.518.315	1.897.894	1.990.891
Önnur sérfræðisvörur F	1.261.169		1.502.148		1.333.243	3.166.554	3.321.715
Vátryggingar	251.897		330.300		397.514	496.893	521.240
Míðlun, kynning og auglýsingar	8.071.046		7.439.032		3.803.565	4.754.456	4.987.425
Ráðstefnu, fundir og risna	1.233.782		1.634.646		235.320	1.794.150	1.882.063
Árgjöld/Félagsgjöld	25.000		32.781			0	0
Endurmenntun og námskeið			262.250		17.000	221.250	232.091
Önnur þjónustukaup	3.066.256		3.040.247		859.607	3.674.509	3.854.560
Sedilgjöld og bankakostnaður	238.014		213.411		231.813	289.766	303.965
Adrir skattar og opinber gjöld	23.811		10.721		42.382	52.978	55.573
Adrir óskilgreindir löðir	26.500		34.748			0	0
Afskrifir og niðurfærsla viðskiptakrafna			50.000			0	0
	32.228.817		34.224.798		18.919.557	31.539.446	33.084.879
Rafmagn	100.932		160.000		135.980	169.975	178.304
Heitt vatn	109.297		160.000		265.930	332.413	348.701
Adrir innanstokksmunir					892.579	1.115.724	1.115.724
Eldhústæki og áhöld					352.880	441.100	441.100
Mínni tæki					64.944	81.180	81.180
Öryggisgæsla	163.186		200.000		115.283	144.104	151.165
Adrar leigugrosbútur	3.547.449		7.266.287		4.191.336	6.139.170	8.439.989
Vátryggingar	196.145		0		109.476	136.845	143.550
Ræsting og hreinsun			2.760.000				
Sedilgjöld og bankakostnaður	930		813		1.550	1.938	2.032
	4.117.939		10.547.099		6.129.958	8.562.448	10.901.745
Rafmagn	36.588		45.418		24.788	30.985	32.503
Bensín, olíur og metan	1.810.387		1.561.295		842.347	1.052.934	1.104.528
Hraunlætisvörur			0		16.160	20.200	21.190
Varahlutir/hjólbardar	13.591		227.621		27.753	34.691	36.391
Önnur Vörukaup	9.672		12.682		1.866	2.333	2.447
Vátryggingar	65.412		857.716		846.883	1.058.604	1.110.475
Viðhaldsþjónusta	575.637		364.378		443.879	554.849	582.036
Önnur þjónustukaup	104.160		135.321		51.970	64.963	68.146
Sedilgjöld og bankakostnaður	7.676		10.065		-1	-1	-1
Adrir skattar og opinber gjöld	132.783		174.112		433.249	541.561	568.098
	3.344.615		3.388.608		2.688.894	3.361.118	3.525.812
Vaxtatekjur	-1.239.386		0		-10	-13	-13
Adrar vaxtatekjur	-352.512		-227.000		-254.121	-317.651	-317.651
Vextir og verðbætur	28.000				126.182	157.728	157.728
Söðhagnaður - tap hlutabréfa/eignahlut	360.250					0	0
Fjármagnstekjuskattur	334.589				52.817	66.021	66.021
	-869.059		-227.000		-75.132	-93.915	-93.915
Afskriftir eigna	2.239.050		2.532.000			0	
Keyptar eignir	5.750.000		5.000.000			0	5.000.000
Seldar eignir	-1.131.750				0	0	
	4.618.250		5.000.000		0	0	5.000.000
Gjöld og fjárfesting - sértekjur	164.159.577		191.333.952		121.287.434	156.999.293	174.871.992

Minnisblað

Til: Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs. (UTU)

Frá: KPMG Law

Dags: 12. nóvember 2024.

Efni: Virðisaukaskattur, skattsskylda

1. Álitæfni

- Óskað hefur verið eftir því að KPMG Law („KPMG“) taki saman minnisblað um helstu atriði sem tengjast virðisaukaskattsskyldu Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs (hér eftir „UTU“) vegna hreinsunar, verkunar og förgunar seyrur.
- UTU er byggðasamlag sveitarfélaganna Grímsnes- og Grafningshrepps, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps. Samlagið telst því vera opinber stofnun á sveitarstjórnarstigi og hefur það hlutverk að annast lögbundin verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa í aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins.
- Seyruverkefni er samstarfsverkefni sveitarfélaganna, Landgræðslunnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og reka sveitarfélögin móttökustöð fyrir seyrur á Flúðum og annast hreinsun rotþróa í sveitarfélögunum. UTU sér um að halda utan um seyruverkefnið, móttöku á seyrur, annast hreinsun á rotþróum og rekstur verkefnis

2. Lagarök

2.1. Skattskyldir aðilar og skattskyld vara og þjónusta

Í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (hér eftir „vskl.“), er gildissvið laganna túlkað mjög rúmt. Skattskylda er m.a. talin hvíla á þeim sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inni af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu. Nær skattskyldan til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra auk allrar vinnu og þjónustu hvaða nafni sem hún nefnist, svo framarlega sem hún er ekki undanþegin á grundvelli 3. mgr. 2. gr. laganna.

Skattskyldum aðilum sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá er heimilt að telja greiddan virðisaukaskatt (innskatt) af aðföngum við hina skattskyldu starfsemi til frádráttar á innheimtum virðisaukaskatti (útskatti) af sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu.

Útskattur er sá virðisaukaskattur sem fellur á sölu eða afhendingu skattskylds aðila og kemur til greiðslu í ríkissjóð en innskattur er sá virðisaukaskattur sem fellur á kaup skattskylds aðila á skattskyldum vörum og þjónustu til nota í rekstrinum. Meginreglan er að skatthlutfallið sem

skuli innheimt af seldum vörum eða seldri þjónustu sé 24% en í undantekningartilvikum eru vörur eða þjónusta felld undir lægra skattþrepið sem er 11%.

Í 4. tl. 1. mgr. 3. gr. vskl. kemur fram að ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra er skylt að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð að því leyti sem þessir aðilar selja vörur eða skattsskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Tilgangur ákvæðisins er að stuðla að jafnri samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja.

Í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 248/1990 kemur fram að starfsemi telst vera rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki þegar viðkomandi vara eða þjónusta er almennt í boði hjá atvinnufyrirtækjum hér á landi, enda sé útskattur af hinni skattskyldu starfsemi að jafnaði hærri en frádráttarbær innskattur. Af þessu má sjá að skattskyldan ræðst af eðli þjónustu sem er seld og skiptir í þeim efnunum ekki máli hver það er sem afhendir þjónustuna.

3. Niðurstaða

Því er ljóst að UTU ber að tilkynna starfsemi sína, þ.e. Seyruverkefnið, til Skattsins, skrá sig á virðisaukaskattsskrá og innheimta og skila virðisaukaskatti af þeirri þjónustu sem félagið selur til sveitarfélaga (og eftir atvikum annarra aðila). Hér þó vert að nefna á að UTU ætti innskattsrétt skv. 1. mgr. 16. gr. vskl. og getur því fengið virðisaukaskatt sem það greiðir til undirverktaka endurgreiddan í formi innskatts. Einnig þarf að hafa í huga að sveitarfélögin gætu eftir atvikum sótt um endurgreiðslu á virðisaukaskatti, séu skilyrði 3. mgr. 42. gr. vskl. uppfyllt.

Vakni einhverjar spurningar við lestur þessa minnisblaðs, ef áhugi er á að fá nánari útskýringar eða víðtækari umfjöllun um einstaka atriði sem minnisblað þetta fjallar um, hvetjum við eindregið til þess að haft sé samband við okkur. Við munum fúslega veita nánari upplýsingar og frekari aðstoð.

Virðingarfyllt,

KPMG Law



FRÆÐSLUNETIÐ
Símenntun á Suðurlandi
Lærum all! Mið

161. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

- Stjórnarfundur haldinn í Fjölheimum 30.10.2024 kl. 15.30

Mættir: Hulda Kristjánsdóttir formaður, Valdimar Hafsteinsson ritari, Kolbrún Erlendsdóttir, og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Ester Ýr Jónsdóttir og Magðalena Jónsdóttir boðuðu forföll. Ester vegna verkfalls KÍ.

1. Námsframboð á haustönn 2024

Framkvæmdastjóri kynnti námsframboð haustsins 2024.

2. Húsnæðismál

Framkvæmdastjóri kynnti samkomulag um samstarf við greiningu á valkostum varðandi öflun á skrifstofu- og fræðsluhúsnæði á Selfossi sem Fræðslunetið er aðili að. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

Húsnæðismál í Vík og Kirkjubæjarklaustri rædd. Framkvæmdastjóra falið að segja upp skrifstofuhúsnæði Fræðslunetsins í Vík, þar sem það hefur ekki nýst að undanfögnu. Einnig að óska eftir breytingu á leigusamningi á Kirkjubæjarklaustri.

3. Afmælisfundur Fræðslunetsins vegna 25 ára afmælis

Kynnt var dagskrá og dagsetning afmælisfundar Fræðslunetsins sem haldinn verður 7.nóv. 2024 í tilefni 25 ára afmælis. Boðsbréf hafa þegar verið send út.

4. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri kynnti breytingar í starfsmannamálum, þar sem tveir starfsmenn láta af störfum á næstu mánuðum, auk annara breytinga. Framkvæmdastjóra falið að uppfylla starfsmannþörf í þeirra stað.

5. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri fór yfir helstu fréttir úr starfsemi Fræðslunetsins.
- Formaður leggur til að umræða um sameiningarhugmynd við Háskólafélagið verði frestað.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 17:15

Valdimar Hafsteinsson ritaði fundargerð



Héraðsnefnd Árnésinga bs.

33. fundur haldinn á Hótel Geysi 15. október 2024

1. Fundarsetning

Helgi Kjartansson, formaður Héraðsnefndar Árnésinga bs., setur fundinn og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallar formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar. Einnig leggur hann til að formaður verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir, verði fundarritari, er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

Formaður leitar afbrigða að taka á dagskrá ályktun um Ölfusárbrúnna. Er það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

2. Skýrsla og fundargerðir framkvæmdastjórnar

Helgi Kjartansson formaður fer yfir fundargerðir framkvæmdastjórnar nr. 20. frá 21. júní, nr. 21 frá 3. september nr. 22 frá 10. september nr. 23 frá 1. október, nr. 24 frá 8. október ásamt 32. fundargerð héraðsnefndar frá 9. apríl.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Fundargerðir eru bornar upp til samþykktar og samþykktar samhljóða.

3. Stjórnskipulag Héraðsnefndar Árnésinga

Á vofundi Héraðsnefndar 2024 var samþykkt að vinna samþykktardrög út frá umræðum fundarins og halda vinnufund með fulltrúum aðildarsveitarfélaganna. Einnig var framkvæmdastjórn falið að ræða við endurskoðendur um þær breytingar sem snúa að rekstri og fjárhagslegum skuldbindingum fyrirhugaðra byggðasamlaga.

Lögð eru fram til samþykktar drög að samþykktum fyrir Brunavarnir Árnessýslu.

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögfræðingur kemur inn á fundinn og fer yfir samþykktir fyrir Brunavarnir Árnessýslu sem liggja fyrir fundinum. Steinunn Erla svarar fyrirspurnum ásamt formanni.

Formaður leggur fram tillögu að bókun vegna kostnaðarskiptingar í Brunavörnum.

Til máls taka auk formanns Árni Eiríksson, Haraldur Þór Jónsson, Bragi Bjarnason, Smári Bergmann Kolbeinsson, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Arnar Freyr Ólafsson, Gestur Þór Kristjánsson og Steinunn Erla Kolbeinsdóttir.

Árni Eiríksson leggur til breytingartillögu um að fulltrúar í vinnuhópi verði skipaðir einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi.

Breytingartillaga um að einn fulltrúi verði frá hverju sveitarfélagi í vinnuhópnum er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Jón Bjarnason leggur til að kostnaðarskipting haldist óbreytt samkvæmt stofnsamþykkt Héraðsnefndar þangað til endanleg niðurstaða um skiptingu kostnaðar Brunavarna Árnessýslu liggur fyrir.

Breytingartillaga um að kostnaðarskipting haldist óbreytt samkvæmt stofnsamþykkt Héraðsnefndar þangað til endanleg niðurstaða um skiptingu kostnaðar Brunavarna Árnessýslu liggur fyrir er borin undir atkvæði og samþykkt með meirihluta atkvæða, tveir voru á móti, Haraldur Þór Jónsson og Smári Bergmann Kolbeinsson.

Formaður leggur fram eftirfarandi tillögu vegna kostnaðarskiptingar í Brunavörnum Árnessýslu með áorðnum breytingum:

Haustfundur Héraðsnefndar Árneseinga haldinn á Hótel Geysi 15. október 2024 samþykkir að kostnaðarskipting haldist óbreytt samkvæmt stofnsamþykkt Héraðsnefndar þangað til endanleg niðurstaða um skiptingu kostnaðar Brunavarna Árnessýslu liggur fyrir.

Jafnframt samþykkir fundurinn að skipaður verði vinnuhópur til að greina kostnað við brunavarnir og vinna tillögu að skiptingu kostnaðar. Vinnuhópurinn verði skipaður einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi. Vinnuhópurinn skili sínum niðurstöðum á vörfundi Héraðsnefndar 2025.

Héraðsnefnd samþykkir að vinnuhópnum sé heimilt að leita sérfræðiráðgjafar vegna þessarar vinnu.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Formaður leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun vegna samþykkt fyrir Brunavarnir Árnessýslu:

Lögð eru fram drög að samþykktum fyrir Brunavarnir Árnæssýslu bs. sem hafa verið í vinnslu um nokkurt skeið. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögmaður hjá Lögmonnum Suðurlandi hefur unnið að uppfærslu samþykktanna og kemur inn á fundinn vegna málsins. Upplýst er að engar athugasemdir hafi borist frá Innviðaráðuneyti vegna fyrirbyggjandi draga að samþykktunum. Þá er upplýst að breytingar hafi verið gerðar á fyrirbyggjandi drögum varðandi það að þegar íbúafjöldi er tilgreindur í samþykktunum að þá sé miðað við íbúafjölda sem Hagstofa Íslands birtir. Fundarmenn ræða um breytingarnar og ágreining um kostnaðarskiptingu vegna reksturs byggðasamlagsins. Tillaga liggur fyrir fundinum um að fyrirbyggjandi drög að samþykktum Brunavarna Árnæssýslu bs., með þeim viðbótum sem gerð hefur verið grein fyrir varðandi það að íbúafjöldi verði miðaður við upplýsingar frá Hagstofu Íslands, verði samþykkt. Atkvæði eru greidd um tillöguna og er hún samþykkt samhljóða.

Stjórn Brunavarna Árnæssýslu bs. heldur umboði sínu þrátt fyrir breytingu á samþykktum enda eru engar efnislegar breytingar á kosningu eða starfsemi stjórnar.

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar er falið að tilkynna aðildarsveitarfélögum um samþykki tillögunnar um nýjar samþykktir fyrir Brunavarnir Árnæssýslu bs. Aðildarsveitarfélögunum ber að taka nýjar samþykktir Brunavarna Árnæssýslu bs. fyrir í sveitarstjórnnum og skulu þau hafa um málið tvær umræður og greiða um það atkvæði. Fundargerðir allra aðildarsveitarfélaganna skulu sendar framkvæmdastjórn Héraðsnefndar að tveimur umræðum loknum. Að fengnu samþykki allra aðildarsveitarfélaga er Steinunni Erlu Kolbeinsdóttur lögmanni falið að tilkynna um nýjar samþykktir til fyrirtækjaskrár Skattsins og sjá um að skráning á félagaformi verði leiðrétt. Þá er henni falið að hafa samskipti við Innviðaráðuneyti og Stjórnartíðindi vegna birtingar á nýjum samþykktum í B-deild Stjórnartíðinda.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Lögð eru fram til samþykktar drög að samþykktum fyrir Tónlistarskóla Árnésinga.

Steinunn Erla, lögfræðingur fer yfir samþykktir fyrir Tónlistarskóla Árnésinga sem liggja fyrir fundinum.

Formaður gefur orðið laust enginn tekur til máls.

Formaður leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun vegna samþykktar fyrir Tónlistarskóla Árnésinga:

Lögð eru fram drög að samþykktum fyrir Tónlistarskóla Árnesinga bs. sem hafa verið í vinnslu um nokkurt skeið. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögmaður hjá Lögmönnum Suðurlandi hefur unnið að uppfærslu samþykktanna og kemur inn á fundinn vegna málsins. Upplýst er að engar athugasemdir hafi borist frá Innviðaráðuneyti vegna fyrirliggjandi draga að samþykktunum. Þá er upplýst að breytingar hafi verið gerðar á fyrirliggjandi drögum varðandi það að þegar íbúafjöldi er tilgreindur í samþykktunum að þá sé miðað við íbúafjölda sem Hagstofa Íslands birtir. Fundarmenn ræða um breytingarnar. Tillaga liggur fyrir fundinum um að fyrirliggjandi drög að samþykktum Tónlistarskóla Árnesinga bs., með þeim viðbótum sem gerð hefur verið grein fyrir varðandi það að íbúafjöldi verði miðaður við upplýsingar frá Hagstofu Íslands, verði samþykkt. Atkvæði eru greidd um tillöguna og er hún samþykkt samhljóða.

Stjórn Tónlistarskóla Árnesinga bs. heldur umboði sínu þrátt fyrir breytingu á samþykktum enda eru engar efnislegar breytingar á kosningu eða starfsemi stjórnar.

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar er falið að tilkynna aðildarsveitarfélögum um samþykki tillögunnar um nýjar samþykktir fyrir Tónlistarskóla Árnesinga bs. Aðildarsveitarfélögunum ber að taka nýjar samþykktir Tónlistarskóla Árnesinga bs. fyrir í sveitarstjórnnum og skulu þau hafa um málið tvær umræður og greiða um það atkvæði. Fundargerðir allra aðildarsveitarfélaganna skulu sendar framkvæmdastjórn Héraðsnefndar að tveimur umræðum loknum. Að fengnu samþykki allra aðildarsveitarfélaga er Steinunni Erlu Kolbeinsdóttur lögmanni falið að tilkynna um nýjar samþykktir til fyrirtækjaskrár Skattsins og sjá um að skráning á félagaformi verði leiðrétt. Þá er henni falið að hafa samskipti við Innviðaráðuneyti og Stjórnartíðindi vegna birtingar á nýjum samþykktum í B-deild Stjórnartíðinda.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Rætt er um stjórnskipulag Listasafns Árnesinga, Héraðsskjalasafns Árnesinga og Byggðasafns Árnesinga.

Til máls taka auk formanns Bragi Bjarnason, Kjartan Björnsson, Árni Eiríksson, Álfheiður Eymarsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Jón Bjarnason og Sandra Sigurðardóttir.

Formaður leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun vegna umræðna um sameiningu safnanna:

Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga haldinn á Hótel Geysi 15. október 2024 felur framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga ásamt stjórnnum Listasafnsins, Héraðsskjalasafnsins og Byggðasafnsins að taka saman kosti og galla við að sameina söfnin í eitt byggðasamlag. Niðurstaða greiningarinnar verði lögð fyrir vorfund Héraðsnefndar 2025.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

4. Brunavarnir Árnessýslu

Fundargerðir stjórnar Brunavarna lagðar fram til kynningar ásamt kynningu og umræðum um fjárhagsáætlun ársins 2025.

Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir koma inn á fundinn.

Helgi Kjartansson, formaður fer yfir fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 20 frá 24. júlí, nr. 21 frá 9. september, nr. 22 frá 27. september og nr. 23 frá 9. október.

Pétur ræðir um nýja tækja- og búnaðargeymslu fyrir B.A sem verið er að byggja á Laugarvatni en framkvæmdir ganga vel. Gert er ráð fyrir að bílakostur verði bættur á svæðinu með tilkomu geymslunnar, fyrirhugað er að flytja inn fyrir áramót þó húsið verði ekki fullbúið.

Búið er að skipa í byggingarnefnd vegna Björgunarmiðstöðvar B.A á Flúðum og er nú unnið að rýmis- og þarfagreiningu.

Pétur fer yfir lög um Brunavarnir nr. 75/2000 og ábyrgð sveitarstjórna. Sveitarstjórnir hver í sínu umdæmi bera ábyrgð á starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits og ber kostnað af þeirri starfsemi. Fer hann yfir skyldur slökkviliðsstjóra, valdheimildir slökkviliðs og stjórnvaldssektir slökkviliðsstjóra.

Sýnir Pétur tölulegar upplýsingar um lögbundnar skoðanir eldvarnaeftirlits í Árnessýslu 2023. Árnessýsla er tæplega 9000 ferkílómetrar að stærð og var málafjöldi ársins 1.677.

Fer hann yfir reglugerð nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða og mannaflapörf þeirra. Það er tiltekið í reglugerðinni hver lágmarksfjöldi slökkviliðsmanna skuli vera í útkallsliði slökkviliða.

Ræðir hann um fyrirhugaðar breytingar á skilgreiningu á íbúafjölda. Rætt hefur verið um að miða ekki eingöngu við íbúafjölda heldur líka þann fjölda sem dvelur á svæðinu á tilteknum tíma, s.s. í sumarhúsum, hótelum, o.fl.

Til máls taka auk formanns Arnar Freyr Ólafsson, Fjóla St. Kristinsdóttir og Haraldur Þór Jónsson. Pétur kynnir fjárhagsáætlun ársins 2025 og svarar fyrirspurnum.

Til máls taka auk formanns Haraldur Þór Jónsson, Smári Bergmann Kolbeinsson, Árni Eiríksson, Kjartan Björnsson og Sigurjón Vídalín Guðmundsson.

Formaður leggur til að fella úr fundardagskrá liðinn - kosning, tillaga um breytingu á fulltrúa Árborgar í stjórn.

Er tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Lögð er fram eftirfarandi bókun Bláskógabyggðar, dags. 2. október 2024, vegna gatnagerðargjalda af lóð Brunavarna Árnessýslu Kriki 2, Laugarvatni:

“Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að gefa eftir gatnagerðargjöld kr. 15.580.355 og tengigjöld fráveitu, vatnsveitu og hitaveitu, af lóðinni Kriki 2, Laugarvatni, vegna byggingar Brunavarna Árnassýslu á aðstöðuhúsi á lóðinni. Eftirgjöfin er gerð með fyrirvara um að önnur sveitarfélög veiti samskonar ívilnun vegna gatnagerðar- og tengigjalda af lóðum sem þau kunna að láta undir starfsemi stofnana sem starfa undir hatti Héraðsnefndar Árneseinga.”

Formaður gefur orðið laust enginn tekur til máls.

5. Almannaþingin Árnassýslu

Fundargerðir stjórnar almannaþinginn lagðar fram til kynningar, kynning og umræður á fjárhagsáætlun ársins 2025. Björn Ingi Jónsson, sviðsstjóri almannaþingarsviðs Lögreglunnar á Suðurlandi.

Björn Ingi Jónsson, sviðsstjóri almannaþingarsviðs Lögreglunnar á Suðurlandi og Grímur Hergeirsson, lögreglustjóri á Suðurlandi, koma inn á fundinn og fara yfir verkefni sem unnið hefur verið að fyrir svæðið og það sem fram undan er.

Björn Ingi fer yfir forsögu þess að ráðinn var inn fulltrúi í almannaþingaverkefni í sýslunni árið 2015. Ákveðið var í upphafi að greiða krónutölu pr. íbúa og hefur það verið gert síðan. Samningurinn var endurnýjaður 2021.

Í Covid-19 faraldrinum sást vel mikilvægi þess að hafa fulltrúa sem var tengiliður við allar sveitarstjórnir og gat upplýst um atvik og atburði sem í gangi voru ásamt því að bæta aðstæður og skaða.

Hlutverk Björns Inga er að halda utan um skipulag almannaþingarmála, áhættugreina, gera viðbragðsáætlanir, vera tengiliður við sveitarfélögin og tryggja samræmi í áætlunargerð áhættugreininga. Unnið hefur verið að einföldun á ferlum við endurskoðun á einstökum atviksáætlunum. Segir hann að almannaþingin á Suðurlandi séu framúrskarandi og til fyrirmyndar. Rætt var um útvíkkun hættumats fyrir Reykjanes. Veðurstofan hefur óskað eftir tilnefningum frá Sveitarfélaginu Ölfusi, Hveragerðisbæ, Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógabyggð í þá vinnu. Ræðir hann um samning um sameiginlegan verkefnastjóra, um samstarf lögreglustjóra og sveitarfélaga og mikilvægi þess að fá reglulega upplýsingar um stöðu mála.

Verkefni sem hafa verið á þeirra borði að undanförunu er m.a. Skaftárhlaup, hlaup í Skálms, öryggismál í Reynisfjöru, hálendisefirlit, nóró veiran sem kom upp á fjöllum, flugslysaæfing á Hornafirði, samskipti við ferðaþjónustuna og ferðamálastofu, Grindavík bæði í AST og SST og samskipti við sveitarfélög.

Fer hann yfir áætlanir sem eru tilbúnar eða unnið er að, en fara þarf yfir hverja áætlun einu sinni á ári og í heildarendurskoðun á fjögurra ára fresti. Einnig er unnið að einföldun viðbragðsáætlana. Allar áætlanir eru aðgengilegar á vef Almannaþinginnar.

Samvinna og samráð milli Almanna og sveitarfélaga er mikilvægt og eins er mikilvægt að áætlanir sveitarfélaganna séu uppfærðar reglulega. Viðhald tenginga er mikilvægt, líka þegar að vá er ekki í gangi.

Til máls taka auk formanns Sveinn Ægir Birgisson, Kjartan Björnsson, Grímur Hergeirsson, Ásta Stefánsdóttir og Sigurjón Vídalín Guðmundsson.

Helgi Kjartansson, formaður, kynni fundargerðir framkvæmdaráðs Almanna Árnesinga nr. 6 frá 28. ágúst nr. 7 frá 10. september og nr. 8 frá 8. október og eru þær lagðar fram til kynningar.

Bragi Bjarnason, formaður almanna nefndar fer yfir fjárhagsáætlun Almanna Árnesinga fyrir árið 2025 og svarar fyrirspurnum.

Til máls tekur auk formanns Haraldur Þór Jónsson.

Að lokum ræðir Grímur um verkefnið “Öruggara Suðurland” en þar er verið að efla teymis- og samvinnu m.a. við skóla, félagsþjónustur og sveitarfélögin um aðgerðir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum. Verkefnið hefur farið vel af stað og má sjá árangur og samstöðu. Það þarf að fara af krafti í forvarnarverkefni og grípa hópana strax sem eru að fara út af sporinu en það gerist einungis með góðri samvinnu.

6. Tónlistarskóli Árnesinga

Fundargerðir stjórnar Tónlistarskólans lagðar fram til kynningar, kynning og umræða um fjárhagsáætlun ársins 2025.

Helga Sighvatsdóttir, skólustjóri Tónlistarskóla Árnesinga, kemur inn á fundinn.

Fundargerðir stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 210 frá 22. mars og nr. 211 frá 24. september eru lagðar fram til kynningar.

Helga fer yfir fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga fyrir árið 2025 og svarar fyrirspurnum.

Formaður gefur orði laust enginn tekur til máls.

Helga gerir upphafsorð ársskýrslu TÁ að sínum “Skóli er ekki próf- skóli er tími” Skólustjórnendur hafa áhyggjur af tónlistarkennaramenntun en breyting varð á náminu þegar LHÍ var stofnaður og varð þá um 12 –17 ára gat í tónlistarkennaramenntun á Íslandi. Fer hún yfir aldurdreifingu kennara í skólanum en kennarahópurinn eldist og eru þó nokkrir farnir að minnka við sig, hún vonast þó til að það verði hægt að manna kennarastöður. Fer hún yfir

kennslustaði Tónlistarskólans haustið 2024 en ekki er kennt í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri og ekki í Flóaskóla þetta skólaárið. Fer hún yfir nemendafjölda, fjölda kennslustunda, hlutfall í heilu og hálfu námi og dreifingu á hljóðfæri.

Þema ársins í ár er “Burtu með fordóma” og er í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Suðurlands, Gunna og Felix og leikskóla í Árborg.

Fer hún yfir tónleika, þema- og vortónleika, útskriftir o.fl. Fer hún yfir tónleika sem fram undan eru en þeir verða allir haldnir í Stekkjaskóla.

Segir hún frá Smiðjuviku en þá viku fá nemendur tvöfalda tónlistarkennslu og fræðslu.

TÁ keypti sembal á árinu sem gefur skólanum enn meiri möguleika í tónlistarflutningi. Nemendur skólans tóku þátt í viðburði í Hörpu.

Að lokum segir hún frá minningartónleikum um Sigfús Ólafsson og Hjört Þórarinsson sem haldnir verða 19. nóvember nk. í Hveragerðiskirkju.

Til máls taka auk formanns Arnar Freyr Ólafsson og Kjartan Björnsson.

7. Héraðsskjalasafn Árnesinga

Fundargerðir stjórnar Héraðsskjalasafnsins lagðar fram til kynningar, ásamt kynningu og umræðu um fjárhagsáætlun ársins 2025.

Þorsteinn Tryggvi Másson, safnstjóri Héraðsskjalasafns Árnesinga kemur inn á fundinn.

Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga frá 4. október er lögð fram til kynningar.

Þorsteinn fer yfir fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga fyrir árið 2025 og svarar fyrirspurnum.

Ræðir Þorsteinn um húsnæðismál og fjargeymslu fyrir safnið. Stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga bókaði á fundi sínum að hún hvetji framkvæmdastjórn til að ganga til samninga við Hrunamannahrepp um fjargeymslu fyrir safnið. Ef samþykkt verður að fara í leigu á húsnæði í Hrunamannahreppi þá er þetta geymslurými til margra ára en fjargeymslan er 330 m³. Þetta er hagkvæmasta lausnin sem hefur verið uppi á borðum í mörg ár. Fara þarf í framkvæmdir á húsnæðinu áður en flutningur fer fram en Þorsteinn sér fyrir sér að flutningar yrðu gerðir í áföngum og ættu að vera auðveldir.

Verkefni ársins, fyrirspurnir, afhendingar og erindi verða að öllum líkindum í kringum um 1250-1300 og verður þetta þá met ár.

Tekið hefur verið á móti málafni Skeiða- og Gnúpverjahrepps og hefur það fengið samþykki hjá NEA í Kaupmannahöfn og MHR sem er samstarfsvettvangur héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu. Verið er að vinna að afhendingu á málafni Svf. Ölfuss og í undirbúningi er vinna að

tilkynningum á málasafni Árborgar og Hveragerðis. Einnig stendur yfir vinna á endurritun fundargerðabóka gömlu hreppanna.

Til máls taka auk formanns Kjartan Björnsson, Gestur Þór Kristjánsson, Jón Bjarnason og Arnar Freyr Ólafsson.

Tillaga um að gengið verði til samninga við Hrunamannahrepp um fjargeymslu fyrir safnið á Flúðum er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga felur stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga að klára samninginn í samræmi við umræður á fundinum.

Haustfundur samþykkir samhljóða að tekið verði fyrir á vofundi viðauki við fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafnsins um breytingu á fjárhagsáætlun vegna húsaleigu og kostnaðar við flutninga á gögnum.

8. Listasafn Árnesinga

Fundargerðir stjórnar Listasafnsins lagðar fram til kynningar, ásamt kynningu og umræðu um fjárhagsáætlun ársins 2025.

Kristín Scheving, safnstjóri Listasafns Árnesinga, kemur inn á fundinn.

Kristín ræðir um vefsíðu safnsins sem hefur verið eflid en þar er hægt að fá allar upplýsingar um sýningar sem fram undan eru á safninu en bæði innlendir og erlendir aðilar eru að halda sýningar. Fyrirhugað er að vera með pólska menningardaga á safninu í nóvember í tilefni af þjóðhátíðardegi Póllands. Búið er að setja upp sýningaráætlun fram til ársins 2026. Á vefsíðinni má sjá yfirlit yfir þær sýningar sem hafa verið á safninu sl. 15 ár, ásamt því að sjá safnið í 3D.

Það er áhugi fyrir að fá ungt fólk til að taka þátt í að móta safnið og hafa þau fengið aðila frá ungmennaráðum sveitarfélaganna með sér í lið en þau vonast eftir fleiri þátttakendum. Að lokum ræðir hún um að safnabúðin hafi verið að fá mikla athygli.

Kristín fer yfir fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga fyrir árið 2025 og svarar fyrirspurnum.

Fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga frá 27. september er lög fram til kynningar.

Rætt er um húsnæðismál listasafnsins og viðhald á því. Lagt er fram minnisblað fasteignafulltrúa Hveragerðisbæjar, dags. 25. september, um lauslega úttekt á húsnæði Listasafns Árnesinga. Það

er nauðsynlegt að fara í miklar lagfæringar á húsnæði safnsins að utan og þá sérstaklega viðgerð á þaki og þakgluggum.

Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður stjórnar Listasafns Árnesinga, leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun vegna húsnæðis Listasafns Árnesinga:

Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga haldinn á Hótel Geysi þann 15. október 2024 samþykkir að fela stjórn Listasafns Árnesinga, í samvinnu við fasteignafulltrúa Hveragerðisbæjar, að leita eftir tilboðum í viðgerð á þaki og þakgluggum húsnæðis listasafnsins. Ef ásættanleg tilboð fást í verkið, yrði gerður samningur við tilboðsgjafa með fyrirvara um samþykki héraðsnefndar sem lagður yrði fyrir vorfund 2025, þannig að viðgerðir gætu farið fram sumarið 2025.

Er tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Til máls taka auk formanns Álfheiður Eymarsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Jón Bjarnason, Gestur Þór Kristjánsson, Haraldur Þór Jónsson og Grétar Ingi Erlendsson.

9. Byggðasafn Árnesinga

Fundargerðir stjórnar Byggðasafnsins lagðar fram til kynningar, kynning og umræða um fjárhagsáætlun ársins 2025.

Lýður Pálsson safnstjóri Byggðasafns Árnesinga kemur inn á fundinn.

Lýður segir frá safninu en fyrirhugað er að byrja á uppfærslu á grunnsýningum í Assistentahúsinu sem yrði fram til ársins 2027 en aðrir sýningahlutar verða óbreyttir eins og stásstofan, en þar eru oft haldnir viðburðir.

Safnið fékk fána og merki Árnesingafélagsins að gjöf á árinu, ásamt því að fá fornbílinn ÁR-67 frá erfingjum Erlings Kr. Ævarrs Jónssonar og Guðbjörns Frímannssonar sem áttu bílinn en safnið mun taka við honum sumarið 2025.

Í byrjun sumar var opnuð sýningin “Konurnar á Eyrarbakka” sem byggir á samnefndri bók eftir Jónínu Óskarsdóttur, sýningin hefur gengið mjög vel og stendur enn. Jónína og Linda starfsmaður safnsins stóðu í ströngu í uppsetningu á sýningunni. Eins tók safnið þátt í Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka og var m.a. Bollywood sýning. Sýningin Gullspor var sett upp í Sjóminjasafninu, við upphaf opunarinnar var m.a. boðið upp á sögugöngu um Eyrarbakka á slóðir þeirra smíða sem þar störfuðu.

Assistentahúsið og Húsið voru tjörguð í sumar en það liggur fyrir að tjarga þakið á Húsinu næsta vor.

Byggðasafnið tekur þátt í Menningarmánuðinum Október í Árborg og verða haldin málþing í safninu. Mikið er um móttökur á skólahópum ásamt því að aðilar eru að koma og skoða bæði safnahúsin og varðveisluhúsið.

Þjóðminjasafn Íslands á húsið Eyri á Eyrarbakka og vill mjög gjarnan komast í samstarf við Byggðasafnið og gera það að sýningarhúsi. Einnig kemur til greina að taka þátt í verkefni með Sveitarfélaginu Árborg um Knarrarósvita.

Að lokum segir hann frá kynningarbæklingi safnsins sem gefinn var út í sumar en honum hefur verið dreift vel um héraðið, í Reykjavík og í Rangárþingi. Einnig hefur heimasíðan verið endurgerð.

Lýður kynnir fundargerðir stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 12 frá 26. ágúst, nr. 13 frá 19. september og nr. 14 frá 26. september og eru þær lagðar fram til kynningar.

Lýður Pálsson, safnstjóri Byggðasafns Árnesinga fer yfir fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga 2025.

Til máls taka auk formanns Kjartan Björnsson, Grétar Ingi Erlendsson, Sandra Sigurðardóttir, Haraldur Þór Jónsson, Fjóla St. Kristinsdóttir og Árni Eiríksson.

10. Afgreiðsla fjárhagsáætlana stofnana 2025

Fundarstjóri gefur orðið laust undir hverri fjárhagsáætlun.

- Tónlistarskóli Árnesinga

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Fjárhagsáætlun Tónlistaskóla Árnesinga 2025 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- Listasafn Árnesinga

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga 2025 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- Brunavarnir Árnessýslu

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu 2025 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- Byggðasafn Árnesinga

Formaður gefur orðið laust Árni Eiríksson tekur til máls.

Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga 2025 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- Héraðsskjalasafn Árnesinga

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga 2025 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga 2024 samþykkir samhljóða að heimila að gengið sé á handbært fé safnsins til framkvæmda á fjargeymsluhúsnæði safnsins á Flúðum.

- Almannaþing Árnesinga

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Fjárhagsáætlun Almannaþinga Árnesinga 2025 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

11. Héraðsnefnd Árneseinga – fjárhagsáætlun 2025

Helgi Kjartansson, formaður, tekur til máls í fjarveru Ingibjargar Garðarsdóttur, fjárhaldsmanns, og fer yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga 2025					
Lögð fram til samþykktar á haustfundi 15. október 2024					
	Áætlun 2024	Hlutfall af framlögum	Áætlun 2025	Hlutfall af framlögum	Hlutfallsleg breyting milli ára
Tekjur:					
Framlög sveitarfélaga	249.100.000		262.400.000		5,34%
Tekið af sjóði v/endorgr. frá Framkvæmdasýslu vegna FSU láns hér að neðan					
Samtals framlög sveitarfélaga	249.100.000		262.400.000		5,34%
Gjöld:					
Bygðasáfn Árneseinga	87.500.000	35,1%	90.800.000	34,6%	3,77%
Héraðsskjalasáfn Árneseinga	52.250.000	21,0%	52.250.000	19,9%	0,00%
Listasáfn Árneseinga	57.000.000	22,9%	60.000.000	22,9%	5,26%
Stjórnun, annað og ófyrirséð	12.500.000	5,0%	17.000.000	6,5%	36,00%
Lánasjóður Sveitarfélaga - afborgun v/FSU lán	32.000.000	12,8%	34.500.000	13,1%	7,81%
FSU vegna FabLab	6.000.000	2,4%	6.000.000	2,3%	0,00%
Fastir styrkir	1.850.000	0,7%	1.850.000	0,7%	0,00%
Samtals gjöld	249.100.000	100,0%	262.400.000	100,0%	5,34%
Sundurliðun - fastir styrkir:					
HSK	1.250.000	67,6%	1.250.000	67,6%	0%
SSK	300.000	16,2%	300.000	16,2%	0%
Svæðisstj. björgunarsv. í Árneseyslu	300.000	16,2%	300.000	16,2%	0%
Samtals	1.850.000	100,0%	1.850.000	100,0%	0%

	2024	2025	Breyting á milli ára
Tónlistarskóli Árneseinga - launaliður	351.312.000	360.724.000	2,68%
Samtals	351.312.000	360.724.000	2,68%
Almannavarnir Árneseyslu	7.396.000	7.815.000	5,67%
Samtals	7.396.000	7.815.000	5,67%
Brunavarnir Árneseyslu	522.231.000	573.212.000	9,76%
Samtals	522.231.000	573.212.000	9,76%

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga 2025 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ályktun Héraðsnefndar Árnesinga um byggingu á nýrri Ölfusárbrú.

Sigurjón Vídalín Guðmundsson tekur til máls og leggur fram eftirfarandi tillögu að ályktun Héraðsnefndar Árnessýslu um byggingu nýrrar Ölfusárbrúar:

Héraðsnefnd Árnesinga skorar hér með á Alþingi Íslendinga að axla ábyrgð og leysa úr þeim hnökrum sem upp hafa komið vegna fjármögnunar við byggingu á nýrri brú yfir Ölfusá við Selfoss. Héraðsnefnd Árnesinga minnir á að framkvæmdin á að greiðast með gjaldtöku notenda en ekki af fjármunum samgönguáætlunar og því óháð þeirri fjármögnun og forgangsröðun. Íbúar Suðurlands ásamt öllum þeim sem leið sína leggja um Selfoss geta ekki öllu lengur búið við umferðatafir þær sem eru meira og minna orðnar viðvarandi um gömlu Ölfusárbrúna við Selfoss og eru sérstaklega íþyngjandi á álagstímum.

Sérstaklega er bent á þá staðreynd að viðbragðstími viðbragðsaðila eins og sjúkraflutninga, slökkviliðs og lögreglu lengist umtalsvert við slíkar aðstæður sem er mjög alvarlegt þegar litið er til öryggis íbúa og vegfarenda þar sem hver mínúta getur skipt sköpum um hvort það tekst að bjarga mannlífum og verðmætum eða ekki.

Tími áætlunargerða, mati á mögulegum brúarstæðum og legu Hringvegarins er liðinn.

Tími framkvæmda er runninn upp.

Til máls taka auk formanns Gestur Þór Kristjánsson, Kjartan Björnsson, Arnar Freyr Ólafsson, Fjóla St. Kristinsdóttir, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Haraldur Þór Jónsson.

Tillaga að ályktun er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 15:30

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus
Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði
Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógarbyggð
Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur
Ragnheiður Eggertsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur, áheyrnarfulltrúi
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerði
Thelma Rún Runólfsdóttir, Hveragerði
V. Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari

**Stjórn byggðasamlags UTU - 115. fundur
haldinn í Árnesi, mánudaginn 4. nóvember 2024
og hófst hann kl. 15:30**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson boðaði forföll og í hans stað mætti Árni Eiríksson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

2. Fjárhagsáætlun UTU 2025-2028

Drög að fjárhagsáætlun UTU 2025 ásamt þriggja ára áætlun lögð fram til kynningar. Umræða var um einstaka liði, afgreiðslu fjárhagsáætlunar vísað til næsta fundar stjórnar.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:15

Helgi Kjartansson

Árni Eiríksson

Björn Kristinn Pálmarsson


Jón Bjarnason

Haraldur Þór Jónsson

Ísleifur Jónasson


Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson




Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 06.11.2024
Tími: 13:20:35
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fd2bbcd2-0c77-47a8-8284-4e9ed6fc18a6

Aðalmaður
Helgi Kjartansson




Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 06.11.2024
Tími: 08:43:09
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fd2bbcd2-0c77-47a8-8284-4e9ed6fc18a6

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson




Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 06.11.2024
Tími: 07:43:29
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fd2bbcd2-0c77-47a8-8284-4e9ed6fc18a6

Aðalmaður
Jón Bjarnason




Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 06.11.2024
Tími: 09:34:17
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fd2bbcd2-0c77-47a8-8284-4e9ed6fc18a6

Varaformaður
Björn Kristinn Pálmarsson



Undirritað af:
Björn Kristinn Pálmarsson
0112824239
Dags: 06.11.2024
Tími: 11:46:27
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fd2bbcd2-0c77-47a8-8284-4e9ed6fc18a6

Varamaður
Árni Eiríksson



Undirritað af:
Árni Eiríksson
0809664589
Dags: 06.11.2024
Tími: 08:37:57
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fd2bbcd2-0c77-47a8-8284-4e9ed6fc18a6

Fundargerð 954. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, mánudaginn 4. nóvember kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Nanný Arna Guðmundsdóttir hafði ekki tök á að sitja fundinn og ekki gafst tími til að boða varafulltrúa.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Þórdís Sveinsdóttir, Kolbeinn Guðmundsson, starfsmaður Reykjavíkurborgar og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kjarasamningar - 2406015SA

Formaður samninganefndar gerði grein fyrir tilboði sem nefndin lagði fram í seinustu viku til að leysa viðræður við Kennarasamband Íslands. Jafnframt fjallaði hún almennt um viðræðurnar og næstu skref.

Fundi var slitið kl. 08:50.

DIGITAL SIGNATURE 5.11.2024 11:57:11 GMT	DIGITAL SIGNATURE 5.11.2024 12:03:17 GMT	DIGITAL SIGNATURE 5.11.2024 12:34:14 GMT	DIGITAL SIGNATURE 5.11.2024 14:56:47 GMT
<u>Kjartan Benediktsson</u> Kjartan Benediktsson Reason: Signature	<u>Guðmundur Haukur Jakobsson</u> Guðmundur Haukur Jakobsson Reason: Signature	<u>Ása Valdís Árnadóttir</u> Ása Valdís Árnadóttir Reason: Signature	<u>Kristinn Andersen</u> Kristinn Andersen Reason: Signature
DIGITAL SIGNATURE 5.11.2024 20:22:45 GMT	DIGITAL SIGNATURE 6.11.2024 09:36:07 GMT	DIGITAL SIGNATURE 7.11.2024 10:01:55 GMT	
<u>Knútur Emil Jónasson</u> Knútur Emil Jónasson Reason: Signature	<u>Guðný Birna Guðmundsdóttir</u> Guðný Birna Guðmundsdóttir Reason: Signature	<u>Jónína Brynjólfsdóttir</u> Jónína Brynjólfsdóttir Reason: Signature	

Fundargerð 77. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2024, miðvikudaginn 30. október kl. 09:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Að auki sátu fundinn Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kosning í embætti stjórnar 2024-2026 - 2410001SO

Formaður gerði tillögu um að stjórn kjósi varaformann, gjaldkera og ritara.

Lagt var til að varaformaður samtakanna verði Guðmundur Haukur Jakobsson.

Tillagan var samþykkt.

Lagt var til að gjaldkeri samtakanna verði Jónína Brynjólfsdóttir.

Tillagan var samþykkt.

Lagt var til að starfsmaður samtakanna sinni verkefnum ritara.

Tillagan var samþykkt.

2. Reglur um stjórnarfundi og þóknun stjórnarfólks - 2410001SO

Formaður lagði fram til afgreiðslu tillögur að reglum um stjórnarfundi og þóknun til stjórnarfólks.

Reglurnar eru samhljóða reglum fyrri stjórna:

Tillaga 1

Stjórn SO samþykkir að varamenn í stjórn verði boðaðir til allra funda og um greiðslur til þeirra,

þóknun fyrir fundarsetu og ferðakostnað, gildi sömu reglum og um aðalmenn í stjórn.

Tillaga 2

Stjórn SO samþykkir að samtökin greiði ferðakostnað þeirra sem sækja stjórnarfundi samtakanna.

Með ferðakostnaði er átt við akstur að fundarstað, eða að næsta innanlandsflugvelli, sé flogið þaðan til fundarstaðar. Einnig flug innanlands og leigu- eða bílaleigubíl til að komast til og frá fundarstað frá flugvelli. Greitt er

fyrir akstur samkvæmt upplýsingum um ekna kílómetra og miðað við gjald sem ferðakostnaðarnefnd ríkisins ákveður og gefur út. Stjórnarmenn bera sjálfir ábyrgð á að koma upplýsingum um ferðakostnað til starfsmanns SO og skal það gert eigi síðar en fyrir lok viðkomandi almanaksárs ellegar fellur réttur til greiðslu ferðakostnaðar niður fyrir þann fund.

Tillaga 3

Stjórn SO samþykkir að greiða ferðakostnað og dagpeninga til formanns og eftir atvikum til annarra stjórnarmanna sem sækja fundi og aðra viðburði fyrir hönd samtakanna, svo sem fundi í ráðuneytum, með þingnefndum, með hagsmunasamtökum, fyrirtækjum eða í nefndum og starfshópum sem viðkomandi er tilnefndur til setu í fyrir hönd SO. Skilyrði fyrir greiðslu er að stjórn hafi á fundi, eða meirihluti stjórnar í gegnum tölvupóst, samþykkt viðkomandi ferð.

Tillaga 4

Stjórn SO samþykkir að greiða fulltrúum sem skipaðir eru í starfshópa eða nefndir fyrir hönd samtakanna þóknun fyrir slíka setu, sé ekki greidd þóknun af öðrum fyrir setuna. Greidd verði sama þóknun og Samband íslenskra sveitarfélaga greiðir fyrir nefndarsetu.

Tillaga 5

Stjórn SO samþykkir að aðal- og varamenn stjórnar fá greitt andvirði eins stjórnarfundar fyrir greinarskrif fyrir hönd samtakanna sem birtast á vefsíðu samtakanna og í prentuðum miðlum. Skilyrði fyrir greiðslu er að stjórn hafi á fundi, eða meirihluti stjórnar í gegnum tölvupóst, samþykkt viðkomandi skrif. Stjórn ákveður þema hvers árs í starfsáætlun

Tillögur voru samþykktar fyrir utan tillögu þrjú.

Formanni falið að skoða tillögu þrjú betur og var henni því frestað.

3. **Fundaáætlun stjórnar - 2410001SO**

Frestað til næsta fundar.

4. **Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga - 2011002SO**

Stefnumörkun og starfsáætlun Samtaka orkusveitarfélaga var lögð fram til kynningar. Stjórnin ákvað að halda áfram með stefnumörkunina og vinna markvisst að helstu markmiðum hennar, en þó var ákveðið að nauðsynlegt væri að uppfæra ákveðin atriði.

Ákveðið var að leggja málið fram að nýju á næsta fundi stjórnar.

Jónína Brynjólfsdóttir vék af fundi kl. 10:40

5. **Samþykktir Samtaka orkusveitarfélaga - 2410002SO**

Tekin var umræða um samþykktir samtakanna og ákveðið að taka málið aftur upp að nýju. Að auki verður kallað eftir viðbrögðum hjá aðildarsveitarfélögum.

Lagt fram til kynningar.

6. Orkumál - staða og stefna - 220200350

Umræður um að miðla þyrfti betur upplýsingum til frambjóðenda til að vekja athygli á Samtökum orkusveitarfélaga og viðhalda samtali við stjórnmalafólk.

Fundi var slitið kl. 11:00

Fundargerð 78. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2024, fimmtudaginn 7. nóvember kl. 10:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Knútur Emil Jónasson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Að auki sat fundinn Gréta Mar Jósépsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga - 2410001SO

Lögð fram að nýju, stefnumörkun og starfsáætlun Samtaka orkusveitarfélaga sem áður var á dagskrá stjórnar Samtakanna, dags. 30. október 2024, en á fundinum var talið nauðsynlegt að uppfæra viss atriði í stefnumörkuninni og hefur nú verið gert.

Umræða fór fram um stefnumótun og framtíðarplön samtakanna. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög vinni í takt varðandi orkumál til að tryggja sátt um tekjuöflun sveitarfélaga. Niðurstaðan var að bæta við skjalið upplýsingar um það sem hefur áunnist á undanförunum árum, uppfæra tölur, og birta stefnumörkunina á heimasíðu samtakanna og senda á aðildarsveitarfélög.

Stefnumörkun samþykkt.

2. Fundaáætlun stjórnar - 2410001SO

Lögð var fram áætlun um stjórnarfundum samtakanna fram á vor.

13. desember 2024

17. janúar 2025

21. febrúar 2025

14. mars 2025

Fundaáætlun samþykkt.

3. Orkumál - staða og stefna - 2202003SO

Umræða fór fram um viðburð Sambandsins með fulltrúum stjórnsmálaflokkanna fyrir Alþingiskosningar, þar sem áhugavert væri að mæta og kynna samtökin fyrir formönnum flokkanna.

Rætt var um námugjöld í þjóðlendum í tengslum við nýjar virkjunarframkvæmdir, og vinna stendur yfir í tengslum við þessi mál, sem stjórnarmenn vilja fylgjast nánar með. Einnig kom fram umræða um mikilvægi samráðs á milli framkvæmdaraðila og sveitarfélaga á byggingartíma virkjana. Á Haustfundi Landsvirkjunar, haldnum 30. október síðastliðinn, fór Arnór Benónýsson, fyrrum stjórnarmaður í Samtökum orkusveitarfélaga, yfir samráðsferlið vegna Þeistareykjavirkjunar. Knútur hyggst ræða við hann um málið, en hugsanlega gætu Samtök orkusveitarfélaga í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga útbúið leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um slíkt samráð.

Fundi var slitið kl. 11:45

Samtök orkusveitarfélaga

Stefnumörkun og starfsáætlun

Nóvember 2024

Staðan í dag og stefna til ársins 2026

Samtök orkusveitarfélaga voru stofnuð 25. nóvember 2011 og samkvæmt 3. gr. samþykktá er tilgangur samtakanna þessi:

- Að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga í öllum málum sem tengjast byggingu orkuvera og virkjana, orkunýtingar, fjárhagslegum hagsmunum í þessu sambandi og umhverfismálum.
- Að taka þátt í mótun reglna um skattlagningu virkjana og orkufyrirtækja ásamt öðrum fjárhagslegum og umhverfislegum atriðum sem tengjast nýtingu orkuauðlinda.
- Að taka þátt í mótun orkustefnu með áherslu á stöðu vatnsafls og jarðvarma sem sjálfbærar orkuframleiðslu.
- Að miðla upplýsingum og reynslu meðal aðildarsveitarfélaga um málaflokkinn.
- Að vinna að hvers konar sameiginlegum hagsmunamálum, s.s. vinnu við gerð laga og reglugerða sem varða orkumál og nýtingu jarðvarma og vatnsafls og stuðla að fræðslu og kynningu á málum sem því tengjast.

Staðan í dag

Sveitarfélög sem fulltrúar nærsamfélagsins fá litlar og sum staðar engar tekjur af orkuvinnslu þrátt fyrir að verða fyrir bæði beinum og óbeinum áhrifum af þeirri vinnslu. Þrátt fyrir starfshópa á vegum ríkisins og ýmis samtöl hafa engar breytingar átt sér stað í lagaumhverfinu er tryggir samfélagslegan ávinning til nærsamfélagsins.

Mikil samstaða er hjá sveitarfélögum um að aðgerða er þörf sem fyrst og að nærsamfélagið verði að fá meiri hag af því að hafa orkuvinnslu innan síns svæðis.

Stefna til ársins 2026

Til staðar sé skýr lagarammi um nýtingu orkuauðlinda sem tryggi fjárhagslegan og samfélagslegan ávinning fyrir landsmenn og nærsamfélög.

Stuðlað verði að jafnræði fyrir fyrirtækjarekstur og búsetu á landsvísu með jöfnun dreifingarkostnaðar raforku.



Hvað hefur áunnist síðustu ár

- Kvörtun til ESA vegna skattaávilunar til raforkufyrirtækja. Þann 12. maí 2021 var send formleg kvörtun til ESA vegna skattaávilunar til raforkufyrirtækja. Þann 18. maí sama ár barst svar frá ESA þar sem gefið var færi á að gefa nánari skýringar og var því svarað í júní. Í september 2021 barst svar bréf frá ESA þar sem tilkynnt var um að gert sé ráð fyrir frekari viðbrögðum vegna málsins innan næstu 12 mánaða. Svarbréf barst frá ESA vegna skattaávilunar til raforkufyrirtækja í febrúar 2023 og kom fram í svarbréfinu að ESA hyggst ekki gera neitt „að svo stöddu“. Áð mati Jóns Jónssonar lögmanni hjá lögmannstofunni Sókn og lögmanni samtakanna í þessu máli væri mögulega hægt að opna málið hjá ESA síðar meir ef fram kæmu nýjar upplýsingar sem gætu haft áhrif á málið.
- Árið 2022 réð stjórn Samtaka orkusveitarfélaga KPMG til að stýra vinnu við að uppfæra stefnumörkun samtakanna. Vinnufundur var haldinn með aðildarsveitarfélögum þann 27. janúar 2023 og í framhaldinu vann stjórn áfram þær hugmyndir er þar komu fram. Niðurstaða þeirrar vinnu var þessi stefnumörkun og starfsáætlun sem nú þegar er komin til framkvæmda og mun núverandi stjórn vinna áfram að árin 2024-2026.
- Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga fundaði með starfshóp um vindorku 2022-2023 og kom á framfæri þeim álitamálum er tengjast uppbyggingu vindorku á Íslandi meðal annars er snúa að skipulagsvaldi sveitarfélaga, skilgreiningu nærumhverfis, álitamál er varða tekjur nærsamfélagsins af virkjanakosti af þessu lagi og mörgum fleiri álitamálum. Stjórn samtaka orkusveitarfélaga hefur skilað inn umsögnum um málið á öllum stigum málsins, um vindorkuskýrsluna, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi. Enn hefur hvorki frumvarpið né þingsályktunartillagan verið staðfest af Alþingi og biða samtökin því átekta hvað verður í þessu máli.

Starfsnefnd Samtaka orkusveitarfélaga

Stefnuð var starfsnefnd í febrúar 2023 sem hafði það hlutverk að vinna tillögur að breytingum hvað varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu, leggja fram drög að nýju lagaumhverfi um orkuvinnslu á Íslandi og koma á virku samfari allra hagaðila í samráði við stjórn samtaka orkusveitarfélaga. Starfsnefndin fundaði sex sinnum, starfsnefndin hélt vinnustofu með aðildarsveitarfélögum, tvo upplýsingafundi og að lokum voru haldnir tvönnir aukaaðalfundir Samtakanna til að staðfesta tillögur starfsnefndar.

Starfshópur um skattalegt umhverfi orkuvinnslu

Fulltrúar stjórnar sátu fundi með starfshópi á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem skoðaði skattalegt umhverfi orkuvinnslu og var skipaður í júní 2023. Markmið starfshópsins var að skapa nýja skattalega umgjörð og leiðir til að tryggja að ávinningur vegna nýlingar auðlinda og orkuvinnslu skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga og þeirra aðila sem fyrir áhrifum verða.

Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu í byrjun árs 2024 en í skýrslunni er m.a. lýðrætt um tillögur Samtaka orkusveitarfélaga. Niðurstaða fjármálaráðuneytisins var að afnema skuli undanþágu á fasteignamatsskyldu strax og sérstakt skallþrep lögfest vegna virkjunarmannvirkja. Jafnframt voru tillögur starfshópsins um að tengja jöfnunarsjóðinn við þessa vinnu. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga biður enn eftir að sjá frumvarp og útfærslur um tillögur starfshópsins frá ráðuneytinum.



Lykilmarkmið



Innheimta skatta og auðlindarentu

Sameina orkusveitarfélög um ákjósanlegar leiðir til innheimtu sanngjarnra skatta og auðlindarentu er að fela í sér auknar tekjur til nærsamfélagsins sem verður fyrir áhrifum af orkuvinnslu.



Jafna raforkuverð

Unnið verði að því að kostnaður við dreifingu rafmagns sé ekki hærrí í dreifibýli enda er óeðlilegt að nærsamfélagið greiði hærra verð fyrir dreifingu rafmagns ásamt því að Ísland er orðin einn markaður með tilkomu raforkubíla.



Markviss hagsmunagæsla

Farið verði í markvissa markaðssetningu á tillögum Samtaka orkusveitarfélaga um breytta löggjöf við innheimtu sanngjarnra skatta og auðlindarentu sem og öðrum markmiðum samtakanna.



Efla samstöðu

Leitað verði leiða til sameina sveitarfélög um útfærslu á innheimtu skatta og auðlindarentu til nærsamfélagsins ásamt því að efla samstöðu sveitarfélaga til að þrýsta á framkvæmda- og löggjafavaldið til að innleiða tillögur samtakanna um leiðir til innheimtu sanngjarnra skatta og auðlindarentu.



Móta stefnu og löggjöf

Unnið verði með stjórnvöldum að mótun stefnu og lagaumhverfi um uppbyggingu og starfsemi vindorkuvera. Einnig skal stutt við aðildarsveitarfélög þegar kemur að ákvörðunartöku um virkjun vindorku innan þeirra.



Innheimta skatta og auðlindarentu

Markmið

Sameina orkusveitarfélög um ákjósanlegar leiðir til innheimtu sanngjarnra skatta og auðlindarentu er að fela í sér auknar tekjur til nærsamfélagsins sem verður fyrir áhrifum af orkuvinnslu.

Aðgerðir

- Fá tækifæri til samtals við Innviðaráðuneytið um mótun tillagna að ávinningi nærsamfélaga af orkuvinnslu.
- Fá samtal og aðild á öllum stigum málsins.

Staðan í dag

Nærsamfélagið hefur lítinn fjárhagslegan ávinning af orkuvinnslu nema í formi fasteignaskatta en orkumannvirki eru þó að miklu leyti undanþegin fasteignamati og fasteignasköttum.

Hver og hvenær?

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.
Unnið árin 2024-2026.



Efla samstöðu

Markmið

Leitað verði leiða til sameina sveitarfélög um útfærslu á innheimtu skatta og auðlindarentu til nærsamfélagsins ásamt því að að efla samstöðu sveitarfélaga til að þrýsta á framkvæmda- og löggjafavaldið til að innleiða tillögur samtakanna um leiðir til innheimtu sanngjarnra skatta og auðlindarentu.

Aðgerðir

- Sameina sveitarfélög um leiðir til að þrýsta á framkvæmdavald og löggjafavald til að innleiða tillögur samtakanna.
- Þrýsta á að samtökin fái sæti við borðið þegar verið að er að ræða málefni er snerta aðildarsveitarfélög samtakanna.
- Skóðaðar verði fleiri leiðir til að efla frekari samstöðu orkusveitarfélaga í málaflokknum.

Staðan í dag

Sveitarfélög hafa sammælst um leiðir til að þrýsta á breytingar og munu nú margvisst þrýsta á breytta löggjöf m.a. í skattlagningu orkuvinnslu.

Hver og hvenær?

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.
Alltaf í gangi.



Jafna raforkuverð



Markmið

Unnið verði að því að kostnaður við dreifingu rafmagns sé ekki hærrí í dreifbýli enda er óeðlilegt að nærsamfélagið greiði hærri verð fyrir dreifingu rafmagns ásamt því Ísland er orðin elinn markaður með tilkomu raforkubíla.



Staðan í dag

Landsbyggðin greiðir víða hærri raforkuverð jafnvel þótt orkuvinnsla eigi sér stað í nærsamfélaginu.



Aðgerðir

- Stjórn vinni í samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga við að þrýsta á framkvæmdavald og löggjafann til að ná fram nauðsynlegum laga- og/eða gjaldskrárbreytingum.
- Samstarf með Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum.



Hver og hvenær?

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga í samstarfi við Samband Íslenskra sveitarfélaga.
Unnið árin 2024-2026.

Móta stefnu og löggjöf um vindorku



Markmið

Unnið verði með stjórnvöldum að mótun stefnu og lagaumhverfi um uppbyggingu og starfsemi vindorkuvera. Einnig skal stutt við aðildarsveitarfélög þegar kemur að ákvörðunartöku um virkjun vindorku innan þeirra.



Staðan í dag

Skortur er á framtíðarsýn og stefnu stjórnvalda þegar kemur að starfsemi vindorkuvera. Ekkert samkomulag er um eðlilegt skattaumhverfi þeirra né endurgjald til sveitarfélaganna sem fulltrúa nærsamfélagsins.



Aðgerðir

- Stjórn vinni, í samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga, við að þrýsta á framkvæmdavald og löggjafarvald til að ná fram nauðsynlegum lagabreytingum.
- Stjórn samtakanna láti útbúa leiðarvísi fyrir aðildarsveitarfélög um helstu atriði er sveitarfélög þurfa að hafa í huga þegar teknar eru ákvarðanir tengdar vindorkuverum og vindmyllum.



Hver og hvenær?

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga í samstarfi við Samband Íslenskra sveitarfélaga.
Unnið árin 2024-2026.



Markviss hagsmunagæsla



Markmið

Farið verði í markvissa markaðssetningu á tillögum Samtaka orkusveitarfélaga um breytta löggjöf við innheimtu sanngjama skatta og auðlindarentu sem og öðrum markmiðum samtakanna.

Markhópurinn er ráðherrar, ráðuneyti, viðeigandi stofnanir, þingmenn, orkufyrirtæki, sveitarstjórnarfolk og almenningur.



Aðgerðir

A. Stjórn selur fram tímasetta áætlun um hvernig samtökin og sveitarfélögin, í samstarfi við Samband Íslenskra sveitarfélaga, geta markvissst unnið tillögum samtakanna fylgi með að fyrir augum að þær verði að lögum.

B. Stjórn fylgir eftir umræddri áætlun.



Staðan í dag

Sveitarfélög hafa ekki myndað samstöðu um tillögur og því hefur ekki verið hægt að fara í markvissa sameiginlega markaðssetningu um mikilvægi ávinnings nærsamfélagsins af orkuvinnslu.



Hver og hvenær?

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.

Unnið árin 2024-2026.



Minnisblað starfsnefndar Samtaka orkusveitarfélaga

Tilgangur og markmið Samtaka orkusveitarfélaga

Tilgangur samtakanna er að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga í öllum málum sem tengjast byggingu orkuvera og virkjana, orkunýtingar, fjárhagslegum hagsmunum í þessu sambandi og umhverfismálum. Að auki að taka þátt í mótun reglna um skattlagningu virkjana og orkufyrirtækja ásamt öðrum fjárhagslegum og umhverfislegum atriðum sem tengjast nýtingu orkuauðlinda.

Stefnumótun Samtaka orkusveitarfélaga

Í kjölfar vinnustofu um stefnumótun orkusveitarfélaga í byrjun árs 2023 var skipuð starfsnefnd sem hafði það hlutverk að vinna tillögur að breytingum hvað varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu, leggja fram drög að nýju lagaumhverfi um orkuvinnslu á Íslandi og koma á virku samtalum allra hagaðila í samráði við stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.

Niðurstöður þessarar starfsnefndar er að finna í þessu minnisblaði.

Ákvörðunarvald um virkjanaf framkvæmdir

Alþingi ákveður hvar verður virkjað í rammaáætlun hverju sinni og ber sveitarfélögum að taka það inn í skipulagsáætlanir samkvæmt lögum

Ávinningur nærsamfélagsins

Núverandi staða er sú að aðeins lítill hluti ávinnings af orkuframleiðslu verður eftir í nærsamfélagi orkuframleiðslu, þrátt fyrir mikil neikvæð bein og óbein áhrif séu til staðar í nærsamfélaginu.

Núverandi ávinningur nærsamfélagsins af virkjunum er aðeins fasteignagjöld af hluta þeirra orkumannvirkja sem ekki eru undanþegin fasteignamali og fasteignaskatti.

Ávinningur framleiðslu rafmagns er minnstur þar sem orkan er framleidd og mest þar sem orkan er nýlt og eru flest sérfræðistörf staðsett á höfuðborgarsvæðinu.


Ávinningur landsbyggðarinnar af framleiðslu orku er ekki jafnaður og er það ófrávikjanleg krafa að farið verði í afnám dreifbýlisgjalds rafmagns.

Vatnsaflsvirkjanir

- Fasteignagjöld af stöðvamáli
- Fasteignagjöld af vatnsréttindum

Vindafsvirkjanir

- Fasteignagjöld af undirstöðum vindmyllna



Varmaafsvirkjanir


- Fasteignagjöld af stöðvarhústi

Helstu niðurstöður starfsnefndar

Nærsamfélag orkuvinnslu

Nærsamfélag orkuvinnslu er það landsvæði er verður fyrir beinum og óbeinum áhrifum af orkuvinnslu, þar á meðal landsvæði undir megin flutningskerfi raforku.

Öll mannvirki og stöðug áhrif er takmarka aðra notkun á landsvæði flokkast sem bein áhrif en óbein áhrif geta verið t.d. sjónræn, jarðhræringar eða áhrif á landnotkun og vatnasvæði.



Tekjuskipting nærsamfélagsins af orkuvinnslu

Skipta þarf tekjum nærsamfélagsins af orkuvinnslu milli þeirra er verða fyrir beinum áhrifum, óbeinum áhrifum og til nærsamfélags megin flutningskerfis raforku.

Eðlilegt er að stærsti hlutinn fari til nærsamfélags er verður fyrir beinum áhrifum og nokkuð jöfn hlutföll séu milli þess svæðis er verður fyrir óbeinum áhrifum og til nærsamfélags flutningskerfisins.

Tekjustofnar nærsamfélagsins af orkuvinnslu


Tekjustofnar nærsamfélagsins af orkuvinnslu ætti að vera blönduð leið af fasteignasköttum og auðlindarentu sem hægt er að útfæra t.d. sem ákveðið gjald af framleiðslugetu eða hlutdeild í framleiðslu.

Samhliða því er nauðsynlegt að breyta lögum svo aukin hluti mannvirkja tengd orkuvinnslu séu skráð til fasteignamats og andlag fasteignaskatts.

Tryggja þarf einnig að nærsamfélag megin flutningskerfi raforku sé tryggð hluti af tekjum.

Samstaða orkusveitarfélaga

Nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnað sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni.





Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

haldinn á Hótel Örk
1. nóvember 2024

Nóvember 2024

1. Aðalfundarstörf

a. Setning – formaður stjórnar

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður, setur fundinn og býður fulltrúa velkomna.

b. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefni Dagnýju Sif Sigurbjörnsdóttur og Pétur Georg Markan frá Hveragerðisbæ sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Er það samþykkt samhljóða.

Í lok máls felur formaður fundarstjóra stjórn fundarins.

Dagný og Pétur taka við stjórn fundarins og spyrja fulltrúa hvort athugasemdir séu varðandi boðun aðalfundar HSL og tímasetningu fundar. Engar athugasemdir bárust.

Fundarstjórar minna á fundarsköp að einungis aðalfundarfulltrúar hafi tillögu- og atkvæðisrétt.

c. Kosning í kjörbréfa- og kjörnefnd

Fundarstjórar leggja fram svohljóðandi tillögu kjörnefndar að kjörbréfanefnd.

Lögð er fram svohljóðandi tillaga stjórnar HSL að kjörbréfa- og kjörnefnd:

Kjörbréfanefnd	Sveitarfélag
Aldís Hafsteinsdóttir	Hrunamannahreppur
Sigurjón Vídalín Guðmundsson	Sveitarfélagið Árborg
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir	Rangárþing ytra

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfanefnd þegar til starfa.

d. Ársskýrsla heilbrigðiseftirlitsins

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður, flytur skýrslu stjórnar og kynnir stjórn sína og þakkar þeim fyrir ánægjulegt samstarf. Ræðir hún um störf HSL frá síðasta aðalfundi. Fer hún yfir verkefni og tengsl milli ríkis, sveitarfélaga og HSL.

Málin sem koma inn á borð hjá nefndinni eru margvísleg og má nefna, fráveitumál, sorpmál, tjaldgistingu, umhverfis- og skipulagsmál o.fl. einnig er mikið um umsagnir og leyfisveitingar.

Fer hún yfir fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlitsins. Í lok síðasta árs fór af stað vinna við útfærslu á að leggja niður heilbrigðiseftirlitin í núverandi mynd, fyrst var skipaður starfshópur sem skilaði skýrslu í Samráðsgátt, en sú skýrsla fór aldrei til umsagnar. Skipaður var stýrihópur í vor sem á að móta tillögu að útfærslum á eftirlitinu, sá hópur á að skila inn álitum fyrir lok árs.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða (SHÍ) hefur skilað inn ályktun með tillögum að breytingum til hópsins. Nú er bara að bíða og sjá hver niðurstaðan verður.

Ræðir hún um ófyrirsjáanlegan kostnað hjá eftirlitinu eins og varð eftir að upp kom hópsýking á hálendinu. Ekki var hægt að greina sýnin hérlendis og þurfti því að senda þau erlendis en kostnaður við það mun lenda á HSL þar sem sýkingin er innan þeirra svæðis. Hér áður fyrr var hægt að sækja endurgreiðslur af kostnaði við slíka rannsóknir í sérstakan sjóð sem var á vegum ríkisins, en það er ekki hægt lengur þar sem sjóðurinn var lagður niður.

Ræðir hún um vinnu við fjárhagsáætlun en ákveðið var að kalla saman þriggja manna rýnihóp sem saman stóð af sveitarstjórum á svæðinu til að fara yfir áætlunina. Var það í höndum Aldísar Hafsteinsdóttur sveitarstjóra Hrunamannahrepps, Antoni Kára Halldórssyni sveitarstjóra Rangárbings eystra og Braga Bjarnasyni bæjarstjóra Sveitarfélagsins Árborgar. Kom þau með ábendingar um atriði sem máttu betur fara og tekið var mið af. Ánægja var með þessa vinnu.

Það er gríðarleg uppbygging á Suðurlandi má þar nefna baðlón, hótél, smáhýsi-þyrpingar, veitingarstaðir, tjaldsvæði, hestaleigur og skipulagsmál innan sveitarfélaga. Öll þessu uppbygging og verkefni koma inn á borð hjá heilbrigðiseftirlitinu og verkefnunum fjölgar stöðugt.

Sigrún Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri HSL tekur við og fer yfir fjölda ferðamanna og framboð gististaða. Þar má sjá að á Suðurlandi er mestur fjöldi af ferðamönnum í gistingu yfir landið.

Fer hún yfir hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Má þar nefna, reglubundið eftirlit, og leyfisveitingar, sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi einnig eru umsagnir til sýslumanna og sveitarfélaga ásamt fjölmörgu öðru.

Fer hún yfir fjölda skipulagsumsagna en framlög sveitarfélag þarf að standa undir þessum kostnaði.

Verkefni HSL heyra undir Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið og Matvælaráðuneytið. Heilbrigðisnefndir í landinu eru níu. Það þarf að koma á nothæfu eftirlitskerfi til að samræma eftirlitin í landinu. Ítrekar hún að hægt sé að sjá í ársskýrslu hvernig tilfærsla á verkefnum hefur orðið frá HES til ríkisstofnanna. Hún telur að það sé heppilegra er að styrkja eftirlitin núverandi mynd heldur en að leggja þau niður.

Á hálendinu er eftirlitsskyld starfsemi sem þarf að hafa eftirlit með. Það er mikilvægt að starfsmenn séu staðkunnugir bæði við eftirlit og við umsagnir. Svæðið sem heyrir undir HSL er rúmlega 24 þúsund km², sveitarfélögin eru 14. Samvinna er við skipulags- og byggingarfulltrúa, sýslumenn, lögreglu o.fl. Einnig er samstarf við SASS.

Ræðir hún um eftirlit með sund- og baðstöðum, þar er eftirlit með öryggi og heilnæmi baðvatns, hvort tveggja þarf að vera í lagi einnig þarf að passa upp á merkingar. Það eru komnar í rekstur þrjár laugar sem falla undir reglugerð 460/2015, í flokki I og II starfsleyfisskyldar einnig eru

fjölmargar laugar í undirbúningi á Suðurlandi, reglugerðin er mjög ónákvæm og er erfitt að fara eftir og framfylgja henni.

Það hafa orðið miklar framfarir í fráveituframkvæmdum, það er enn í gildi ríkisstuðningur við þær framkvæmdir og er um að gera að nýta sér það.

Úrgangsmál, það hafa verið fyrirferðarmikil. Ábendingar ESA varðandi frávik frá Evrópureglum. Það er bannað að urða úrgang og einnig hafa borist ábendingar um flutning á úrgagni í flokki 1. Það vantar söfnunarkerfi fyrir sjálfdauð dýr, en í undirbúningi er uppsetning á slíkri brennslustöð. Einnig ræðir hún um úrgang frá garðyrkju.

Sem betur fer hafa ekki verið náttúruhamfarir á starfsvæði HSL en þau þurfa að vera til taks þegar og ef þær koma upp. Ræðir hún um hópþýkingu á hálendi Suðurlands í sumar, það er tímafrekt að fara í fjallaskála og taka sýni og það er oft langt að fara. Taka þarf að taka sýni og í framhaldi að funda m.a. með sóttvarnarlækni o.fl.

Ræðir hún um veggjalús en það koma upp þess konar atvik á hverju ári. Það er skylda meindýraeyða að greina frá þess konar atvikum skv. nýju hollustuháttareglugerðinni, en ný reglugerð um hollustuhætti hefur tekið gildi nr. 903/2024, sumar af nýju reglunum tefja fyrir afgreiðslu á starfsleyfum í allt að 8. vikur.

Það er hlutverk HSL að fara í skipaskoðanir skv. reglugerð nr. 1655/2023 um sóttvarnavottorð og sóttvarnaundanþágu fyrir skip.

Fer hún yfir tölulegar upplýsingar um hreinsun á lóðum og álímd bílflök ásamt því að hún sýnir myndir úr eftirlits ferðum og ræðir mikilvægi vatnsverndar. HSL er að taka þátt í ICEWATER verkefni við Þingvallavatn um vatnsverndarsvæði.

Að lokum ræðir hún um heimasíðu eftirlitsins en þau eru komin langt í stafrænni stjórnsýslu, þar má finna, þjónustugátt, auglýsingar, fundargerðir o.fl. Hún hvetur fundarmenn til að kynna sér heimasíðuna.

Pétur fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Lagt er til breyting á dagskrá og taka lið f fyrir, niðurstöðu kjörbréfanefndar. Er það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

f. Niðurstaða kjörnefndar um lögmæti fundarins

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, kveður sér hljóðs og kynnir niðurstöðu um lögmæti fundarins. Kemur fram að kjörnir fulltrúar eru 64. Alls eru 38 aðalfulltrúar mættir og 3 varafulltrúar, 23 eru fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

e. Tillögur heilbrigðisnefndar

Guðrún S. Magnúsdóttir leggur fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga Heilbrigðisnefndar Suðurlands flutt á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, 1. nóvember 2024

Efni: Tillaga um endurskoðun reikninga 2024

Tillaga til aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 1. nóvember 2024 um ráðningu Pricewaterhouse Coopers (PWC) á Selfossi um endurskoðun reikninga.

Er tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

g. Ársreikningur 2023

Sigrún Guðmundsdóttir fer yfir ársreikning ársins 2023. Rekstrartekjur ársins eru tæplega 183 m.kr. Rekstrargjöld ársins eru tæplega 191 m.kr þar kom fram að fjármagnstekjur ársins eru tæplega 1,4 m.kr. rekstrartap ársins er tæplega 6,7 m.kr.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Ársreikningur er borinn undir atkvæði og samþykktur einn er á móti.

h. Tillaga að fjárhagsáætlun 2025

Sigrún Guðmundsdóttir kynnir fjárhagsáætlun 2025.

Helstu tölur eru að rekstrartekjur verði tæplega 200 m.kr. og rekstrargjöld rúmlega 199 m.kr.

Lagt er til að framlög sveitarfélaga hækki um 3,5% milli ára.

Fundarstjóri gefur orðið laust, Jón Bjarnason tekur til máls.

Tillaga að fjárhagsáætlun er borin undir atkvæði og samþykkt, einn situr hjá.

i. Tillaga að gjaldskrá 2025

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þar sem gert er ráð fyrir 4,8% heildarhækkun.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt, einn situr hjá.

j. Launagreining og tillögur ráðgjafa

Á aðalfundi Heilbrigðiseftirlitsins sem haldinn var í Vík sl. haust var samþykkt að farið yrði í launagreiningu og niðurstaðan yrði kynnt á næsta aðalfundi.

Margrét Sanders kynnir niðurstöðu launagreiningar sem Strategía gerði fyrir HSL. Fór hún yfir greiningu, og niðurstöður og kom með tillögur.

Greining:

Farið var í að flokka störf HSL, hvert starf var metið í stigum og í samráði við framkvæmdastjóra. Skoðuð var hvort greidd séu sömu laun fyrir jafnverðmæt störf og sannreynt persónuálag starfsfólks.

Niðurstöður:

Grunnlaunin eru í samræmi við starfaflokkun starfsfólks. Vel er haldið utan um menntunarálag starfsfólks samkvæmt kjarasamningi. Allt starfsfólk greidda fasta yfirvinnutíma vegna yfirvinnu, fæðispeninga og sem ígildi dagpeninga. Enginn munur er á milli almenns starfsfólks. Engar athugasemdir gerðar á launamun, óútskýrður launamunur er enginn.

Tillögur:

Ráðgjafi mælir með þeirri leið sem farin er að greiða fasta yfirvinnu fremur en dagpeninga yfirvinnu og fæðispeninga.

Ráðgjafi mælir þó með að eftirlit sé með umfangi ferða og vinnu hjá starfsfólki því mismunandi vinnuframlag er hjá starfsfólki sem er allt með sömu yfirvinnugreiðslu getur myndað launamun. Möguleiki er að vera með ítarlegri verkskráningum.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Jón Bjarnason, Arna Ír Gunnarsdóttir og Haraldur Þór Jónsson taka til máls.

k. Önnur mál

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

2. Almennar umræður

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

3. Fundarslit

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður, þakkar fyrir góðan fund og óskar fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fundarstjóri slítur fundi kl. 11:51.

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.

19. stjórnarfundur Arnardrangs hses

11.11.2024

Staðsetning: Fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Anton Kári Halldórsson og Ása Valdís Árnadóttir.
Frá Bergrisanum mættu Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.

1. Vegna eignarhalds á fasteignum

Kyningarfundur fyrir kjörna fulltrúa og framkvæmdastjóra sveitarfélaga fór fram 6. nóvember þar sem farið var yfir minnisblað um eignarhald á fasteignum og framtíð Arnardrangs hses. Góðar umræður mynduðust um málið.

Stjórn Arnardrangs felur skrifstofustjóra og stjórnarformanni að fá lögfræðilegt álit um breytingar á eignarhaldi á Nauthaga 2.

Áætlað er að halda aukaársfund Arnardrangs þann 10. desember 2024 kl. 13 á Hvolsvelli. Ákveðið er að boða fundinn formlega þegar nær dregur.


2. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 14:13.


Undirritunarsíða

Anton Kári Halldórsson




Undirritað af:
Anton Kári Halldórsson
0305833539
Dags: 11.11.2024
Tími: 15:34:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9cd7f59b-1d5e-42d3-be56-f08399a85fb2

Ása Valdís Árnadóttir



Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 11.11.2024
Tími: 16:47:36
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9cd7f59b-1d5e-42d3-be56-f08399a85fb2

Bragi Bjarnason



Undirritað af:
Bragi Bjarnason
2504815359
Dags: 11.11.2024
Tími: 16:44:20
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9cd7f59b-1d5e-42d3-be56-f08399a85fb2

Minnisblað um eignarhald á húsnæði í málaflokki fatlaðra

Almennt

Nýlega opnaði nýr búsetukjarni fyrir fatlaða að Nauthaga 2 á Selfossi en það er fyrsta nýja húsnæðið í málaflokki fatlaðra á starfssvæði Bergrisans síðan 2007. Þá er næsti íbúðakjarni kominn á áætlun en hann á að rísa á Hvolsvelli og er greiningarvinna hafin vegna þess verkefnis og standa vonir til þess að frekari uppbygging haldi áfram næstu árin enda ekki vanþörf á. Í kjölfarið komu upp vangaveltur um besta mögulega formið á eignarhaldi yfir slíkum einingum en í dag er nokkuð mismunandi hvernig eignarhaldi er háttað á þeim fasteignum sem Bergrisinn hefur afnot af fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir málaflokk fatlaðra. Um fjögur mismunandi form er að ræða:

- Bergrisinn bs. á húsnæðið, t.d. Vallholt 27.
- Arnardrangur hses. á húsnæðið, t.d. Nauthagi 2.
- Þriðji aðili á húsnæðið sem sveitarfélagið/Bergrisinn leigir, t.d. Birkihólar 16-18-20.
- Viðkomandi sveitarfélag á húsnæðið, t.d. Selvogsbraut 1.

Ekki er um aðra vænlega möguleika að ræða í stöðunni. Við mat á eignarhaldi á húsnæði í málaflokki fatlaðra til framtíðar má því stilla upp þessum fjórum möguleikum og bera þá saman.

Eignarhald hjá Bergrisanum bs.

Bergrisinn er byggðasamlag í eigu þrettán sveitarfélaga á Suðurlandi. Aðildarsveitarfélögin eru Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur, Bláskógabyggð, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær og Rangárþing ytra. Hlutverk Bergrisans er að annast málefni fatlaðs fólks í aðildarsveitarfélögunum á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, með síðari breytingum.

Þrátt fyrir að mögulegt sé að Bergrisinn fari með eignarhald á húsnæði þá er almennt talið æskilegt að aðskilja eignarhald á húsnæði frá rekstri þjónustu við fatlað fólk þar sem bygging og rekstur fasteigna telst ekki til lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk skv. lögum nr. 38/2018. Þyrfti því að aðskilja fasteignarekstur frá annarri þjónustu sem Bergrisinn veitir og er það best gert með því að eignarhald sé ekki á höndum Bergrisans. Var m.a. af þeim sökum farin sú leið að stofna sérstakt íbúðafélag, Arnardrang hses., árið 2022 þegar ráðist var í byggingu á Nauthaga 2.

Eignarhald hjá Arnardrangi hses.

Arnardrangur er húsnæðissjálfsveigjarstofnun í eigu sömu þrettán sveitarfélaga á Suðurlandi og eiga Bergrisann. Arnardrangur var stofnaður 2022 og hefur nýlega lokið við fyrsta verkefnið, byggingu á búsetukjarna með sex íbúðum að Nauthaga 2 á Selfossi, og er undirbúningur að hefjast að næsta verkefni sem er búsetukjarni á Hvolsvelli. Félagið er rekið án hagnaðarsjónarmiða og er ætlað að tryggja fótluðum aðgengi að búsetuúrræði í samstarfi við Bergrisann.

Þrátt fyrir að eignarhald húsnæðis fari betur hjá Arnardrangi en hjá Bergrisanum þá eru ákveðin vandkvæði við smæð Arnardrangs. Almennt er talið að íbúðafélag þurfi að hafa nokkur hundruð íbúðir í sinni umsjón til að ná fram stærðarhagkvæmni og skapa samkeppnishæfan rekstrargrundvöll og sterkari samningsstöðu. Ljóst er að Arnardrangur mun aldrei ná þeirri stærð og mun næg sérfræðiþekking ekki ná að byggjast upp innan félagsins. Þá mun kostnaður, bæði til leigjenda og sveitarfélaga/Bergrisans, vera meiri en væri eignarhald innan stærra félags sbr. útreikninga í viðauka.

Eignarhald hjá þriðja aðila – stærri íbúðafélög

Þar sem Arnardrangur mun ekki ná þeirri stærð sem nauðsynleg er til að ná fram stærðarhagkvæmni og skapa samkeppnishæfan rekstrargrundvöll og sterkari samningsstöðu þá liggur beinast við að skoða möguleika á stærra íbúðafélagi sem getur nýtt sér stofnframlög ríkis og sveitarfélaga. Kannaður var listi yfir þær húsnæðissjálfsseignarstofnanir (eins og Arnardrangur er) sem stofnaðar hafa verið og farið yfir mögulega samstarfsaðila. Skv. listanum eru flest félögin frekar lítil og var því aðeins horft til mögulegs samstarfs við stærri félögin. Þar kom m.a. til skoðunar:

- Brák íbúðafélag: Brák íbúðafélag hses. er húsnæðissjálfsseignarstofnun sem stofnuð var árið 2022 af sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins í þeim tilgangi að ná fram stærðarhagkvæmni sem næst ekki með litlum húsnæðissjálfsseignarstofnunum með fáar íbúðir í rekstri. Brák er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum aðgengi að íbúðum í langtímaleigu með því að kaupa eða byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi íbúðanna. Sveitarfélög á starfssvæði Bergrisans sem eru aðilar að Brák eru Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Aðildarsveitarfélög Bergrisans sem eru ekki aðilar að Brák í dag eru Ásahreppur, Bláskógabyggð, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær og Rangárþing ytra.
- Bjarg íbúðafélag: Íbúðir Bjargs íbúðafélags eru fyrir fjölskyldur og einstaklinga á vinnumarkaði sem eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum og sem hafa verið virkir á vinnumarkaði og fullgildir félagsmenn aðildarféлага ASÍ eða BSRB í a.m.k. 16 mánuð, sl. 24 mánuði miðað við úthlutun. Þetta á því illa við notendur á svæði Bergrisans.
- Brynja leigufélag ses: Þó Brynja sé sjálfsseignarstofnun þá var það líka skoðað en þeir eru m.a. með starfsemi á Suðurlandi. Reglur Brynju gera hins vegar ráð fyrir að þeir komi að úthlutun í íbúðir þó um sértækt húsnæði sé að ræða. Þá eru þeir með strangar reglur um tekju- og eignamörk og er ljóst að einhverjir notendur á svæði Bergrisans gætu þar með verið útilokaðir frá búsetu í þessum íbúðum og hentar því frekar illa.

Eins og sést þá hentar Brák einstaklega vel til að taka við af Arnardrangi og hafa samtöl þegar átt sér stað við forsvarsmenn Brákar og eru þeir jákvæðir fyrir því að fara í samstarf við Bergrisann. Þá má leiða að því líkum að hafi Brák verið farið í gang árið 2021-2022 þá hefði Arnardrangur að öllum líkindum ekki verið stofnaður heldur hefði verið farið í uppbyggingu með Brák. Mögulegt samstarf við Brák gæti m.a. falið í sér:

- Að Brák kaupi Nauthaga 2 og muni framvegis reka þann búsetukjarna
- Að Brák sjái um uppbyggingu og rekstur á þegar samþykktu búsetuúrræði á Hvolsvelli
- Að Brák sjái um uppbyggingu og rekstur á öðrum nýjum búsetuúrræðum á starfssvæði Bergrisans

Með samstarfi myndi Brák því taka við hlutverki Arnardrangs og myndu íbúar og sveitarfélög/Bergrisinn leigja beint hjá Brák. Bergrisinn myndi áfram hafa faglega stjórnun á þjónustu í búsetukjörnum, útdeila þeim plássum sem eru laus til úthlutunar og vera áfram með fullt vald yfir málaflokki fatlaðra á sínu starfssvæði.

Kostir við samstarf við Brák íbúðafélag

- Stærðarhagkvæmni: Almennt er talað um að félag þurfi að hafa nokkur hundruð íbúðir í sinni umsjón til að ná fram samlegðaráhrifum og skapa rekstrargrundvöll fyrir öflugri starfsemi. Brák verður með tæplega 100 íbúðir í lok árs og tæplega 200 íbúðir í lok árs 2025 og hefur nýlega ráðið framkvæmdastjóra.

- Eftirlit og viðhald: Með stóru íbúðafélagi má reikna með að reglulegt viðhald og eftirlit með húsnæðinu yrði faglegra og einfaldara. Stærra íbúðafélag getur verið með starfsfólk og verktaka í vinnu við að sinna viðhaldi og eftirliti sem minna íbúðafélag getur ekki leyft sér.
- Betra tengslanet og lægri kostnaður: Stærra íbúðafélag er almennt með sterkari sambönd og meiri ítök til að knýja á um lægri verð en minni félög. Brák sérhæfir sig í að byggja hagkvæmar íbúðir til að leigja til tekjulágra aðila og er því markmið þeirra að halda byggingarkostnaði niðri til að leiguverð verði ekki of hátt.
- Meiri þekking: Með því að byggja búsetukjarna hjá litlu íbúðafélagi á nokkurra ára fresti næst ekki upp jafnmikil og sterk sérfræðiþekking á útboðum, samningagerð, uppbyggingu, rekstri og viðhaldi fasteigna eins og hjá stærra íbúðafélagi sem byggir tugí eða hundruð íbúða á ári.
- Breiðari samstarfsgrundvöllur við Brák: Með þátttöku í þessu verkefni geta sveitarfélag skapað breiðari samstarfsgrundvöll við Brák, s.s. með frekari uppbyggingu á félagslegu húsnæði o.fl.
- Ekki skylduaðild: Þó mælt verði með því að sveitarfélög á starfssvæði Bergrisans gangi í Brák þá verður ekki um skylduaðild að ræða nema fyrir þau sveitarfélög þar sem Brák mun byggja og/eða reka búsetukjarna fyrir Bergrisann.

Ókostir við samstarf við Brák íbúðafélag

- Brák gæti neitað uppbyggingu: Ef Brák neitar að framkvæma uppbyggingarverkefni sem Bergrisinn hefur samþykkt þá getur Bergrisinn látið framkvæma það verkefni sjálft líkt og það gerði þegar Arnardrangur var stofnaður. Skv. samtali við framkvæmdastjóra Brákar eru nánast engar líkur á að slíkt gæti gerst þar sem markmið félagsins er einmitt að byggja búsetuúrræði fyrir utan höfuðborgarsvæðið, m.a. fyrir notendahóp Bergrisans.
- Ekki eru öll sveitarfélög á starfssvæðinu hluti af Brák: Ljóst er að aðeins sjö af þrettán sveitarfélögum á starfssvæði Bergrisans eru hluti af Brák. Sex sveitarfélög eru því utan við félagið í dag. Aðild kostar 50.000 kr. sem er álíka eða minna en flest sveitarfélög borguðu í Arnardrang.
- Brák gæti hætt starfsemi: Eigendur Bergrisans yrðu aðeins hluti eigenda að Brák og því gæti komið upp sú staða að starfsemi félagsins yrði hætt þvert gegn vilja eigenda Bergrisans. Í slíkri stöðu yrði félag líkt og Arnardrangur stofnað að nýju til að taka við frekari verkefnum.
- Brák gæti selt húsnæði: Það eru kröfur á húsnæði sem Brák byggir líkt og hjá Arnardrangí, en meðal þess er að ekki má selja húsnæðið nema með leyfi t.d. HMS vegna stofnframlags frá ríkinu í verkefnin.
- Brák gæti neitað viðhaldi: Það er á ábyrgð Brákar að gæta að fjárfestingu sinni og viðhalda henni til að hún haldi verðgildi sínu. Hins vegar gæti komið upp sú staða að Brák telji viðhald ekki forsvaranlegt en telja verður litlar líkur á því.
- Mögulega flóknari stjórnsýsla: Með samstarfi við Brák þá missir Bergrisinn ákveðna tengingu sem hann hefur í dag við Arnardrang en það getur jafnframt verið ákveðinn kostur að hafa vissa armslengd milli þessara aðila sem er ekki í dag.

Ekki er um mikla áhættu að ræða – engar fjárhagslegar skuldbindingar felast í að ganga í Brák fyrir utan 50.000 kr. stofnframlag. Aðildarfélag taka ekki á sig fjárhagslegar skuldbindingar, ábyrgðir eða álíka við inngöngu og fjárhagslegar skuldbindingar af öðrum verkefnum leggjast ekki á aðildarfélag Brákar. Þá er þetta eins félag og Arnardrangur er (sama félagaform) og er fjárhagslegur hvati að fara í stærra íbúðafélag eins og Brák sbr. greiningu í viðauka 1. Þar má sjá að sparnaður í leiguverði gæti verið samtals á bilinu 130-330.000 kr á mánuði og heildarsparnaður samtals um 430-630.000 á mánuði.

Eignarhald hjá viðkomandi sveitarfélagi

Að lokum er fjórði möguleikinn, og sá sem er algengastur í dag hjá Bergrisanum, en það er að viðkomandi sveitarfélag sjái um uppbyggingu, eignarhald og rekstur á húsnæði í málaflokki fatlaðra á sínu svæði. Flest ef ekki öll aðildarsveitarfélögin eiga fasteignir og reka framkvæmdasvið sem sér um viðhald og eftirlit með fasteignum í þeirra eigu. Þó það sé ekki markmið aðildarsveitarfélaga að eiga fasteignir þá hefur það sýnt sig í gegnum tíðina að almennt hefur það borgað sig fyrir sveitarfélög að eiga fasteignir sem notaðar eru í opinbera þjónustu á viðkomandi svæði í stað þess að útvista eignarhaldi til þriðja aðila og leigja fasteignir til baka. Þá er það lagaleg skylda sveitarfélaga að leysa úr húsnæðisþörf einstaklinga í sveitarfélaginu og eiga frumkvæði að því að aflað verði húsnæðis til að koma til móts við þá sem þurfa aðstoð í húsnæðismálum og aðstoða einstaklinga við að afla sér húsnæðis skv. 5. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 44/1988 um húsnæðismál.

Með þessu þá myndi Bergrisinn eiga samstarf við þau sveitarfélög þar sem ákveðið er að hafa búseturými fyrir fatlað fólk. Verkefnaskipting milli Bergrisans og viðkomandi sveitarfélags (eða húsnæðisfélaga í þeirra eigu) gæti verið eftirfarandi:

- Bergrisinn: Þarfagreining, uppbyggingaráætlun, ákvarðanatöku um staðsetningu innan Bergrisasvæðisins, rýning og yfirferð teikninga, mögulega lánveitandi að hluta, úthlutun íbúða/rýma (ekki forgangur íbúa í viðkomandi sveitarfélagi), fagleg stjórnun á þjónustu í búsetukjörnunum, greiðandi fyrir þjónustu í húsnæðinu.
- Sveitarfélög: Skipulagsvald, nánari staðsetning úrræða innan svæðis í samráði við Bergrisann, eignarhald, útboð og stýring á uppbyggingu húsnæðisins, viðhald og almennur rekstur, rekstur þjónustu í húsnæðinu.

Hér myndi þá sveitarfélagið taka við hlutverki Arnardrangs á sínu svæði og myndu íbúar því greiða leigu til sveitarfélagsins eins og hefur verið hjá Arnardrangi.

Kostir við samstarf

- Í dag er þetta algengasta eignarhaldsformið á starfssvæði Bergrisans.
- Skipulagsvald og eignarhald: Það er kostur fyrir sveitarfélag að eiga sjálft húsnæði sem er notað í opinberri þjónustu. Bæði er það almennt hagkvæmara til lengri tíma lítið auk þess sem sveitarfélagið er þá með fullt skipulagsvald og eignarhald verði breytingar á starfsemi í húsinu eftir einhvern tíma.
- Nýting húsnæðis: Mögulega eiga sveitarfélög húsnæði sem hentar sem búsetukjarni með tiltölulega einföldum breytingum, hvort sem það er laust núna eða losnar síðar við breytingar hjá sveitarfélögum. Jafnframt væri hægt að hanna nýja búsetukjarna með þeim hætti að þeir henti sem félagslegt húsnæði eða fyrir hópa sem standa höllum fæti en falla utan þjónustu Bergrisans verði breytingar á starfsemi Bergrisans í húsinu.
- Viðhald og eftirlit: Flest sveitarfélög hafa framkvæmdasvið sem getur séð um almennt viðhald á húsnæðinu sem og umhirðu utandyra, s.s. snjómokstur og garðslátt. Arnardrangur og Bergrisinn hafa ekkert slíkt og þurfa að kaupa alla þjónustu. Þá er viðkomandi sveitarfélag best í stakk búið til að meta og láta framkvæma viðhald á húsnæði á sínu svæði.
- Öryggi í fjárfestingu: Sveitarfélagið hefur örugga leigjendur að fasteigninni til lengri tíma.
- Meiri þekking: Stærri sveitarfélög hafa meiri reynslu og þekkingu á útboðum og samningagerð en Bergrisinn og Arnardrangur. Aukin uppbygging á þessari þekkingu nýtist vel innan hvers sveitarfélags.
- Ekki bundin af þriðja aðila: Uppbyggingaráætlun Bergrisans er þá ekki bundin við samþykki íbúðafélags eða uppbyggingarhraða þeirra, heldur getur Bergrisinn í samvinnu við sveitarfélögin stýrt hraða á ákvarðanatöku og uppbyggingu.

- Fjármagnskostnaður: Bergrisinn gæti verið lánveitandi að hluta á byggingartíma og mögulega eftir að húsnæðið er tekið í notkun til að stuðla að hagkvæmari uppbyggingu.
- Félagsaðild: Sveitarfélag þarf ekki að vera aðili að íbúðafélagi nema það kjósi það sjálft.
- Aðkoma að hönnun: Sveitarfélag getur með þessu haft víðtækari áhrif á hönnun húsnæðis svo það t.d. hafi einhver ákveðin sérkenni, falli betur að ásýnd hverfis eða bæjarhluta o.s.frv.
- Mögulegur valkostur fyrir smærri sveitarfélög: Gangi það upp rekstrarlega og falli það innan uppbyggingaráætlunar Bergrisans getur þetta mögulega opnað á smærri íbúðaeiningar á starfssvæði Bergrisans með það að markmiði að fá betri dreifingu húsnæðiskosta. Hér þarf samt sem áður að taka tillit til hagkvæmnissjónarmiða við veitingu þjónustu.
- Sjálfstæði sveitarfélaga: Þetta er til einföldunar verði breytingar á fyrirkomulagi Bergrisans.
- Einföldun stjórnáætlunar: Hér yrði þá bara eitt félag um málefni fatlaðra (Bergrisinn) í stað tveggja (Bergrisinn og Arnardrangur).

Ókostir við samstarf

- Skuldahlutfall versnar hjá því sveitarfélagi sem vill fá búsetuúrræði til sín nema það byggji kjarnann fyrir eigið fé.
- Mögulegu geta ekki öll sveitarfélög ráðist í að byggja búsetuúrræði eða skaffa það á annan hátt þó vilji sé til að fá búsetuúrræði til sín.
- Sveitarfélag gæti neitað viðhaldi. Það er á ábyrgð hvers sveitarfélags að gæta að fjárfestingu sinni og viðhalda henni til að hún haldi verðgildi sínu. Hins vegar gæti komið upp sú staða að sveitarfélag telji viðhald ekki forsvaranlegt en telja verður litlar líkur á því.

Um óverulega áhættu er að ræða, en áhætta gæti falist í breyttri notkun síðar eða breytingum á fyrirkomulagi í málaflokki fatlaðra. Önnur sveitarfélög sem ekki hafa búsetuúrræði taka ekki á sig neinar skuldbindingar eða áhættu. Ekki er hægt að áætla fjárhagslegan sparnað við verkið en reikna má fastlega með því að sveitarfélög njóti betri kjara og samningssambanda heldur en Arnardrangur gerir og því er líklegt að þetta leiði til sparnaðar hjá bæði íbúum og Bergrisanum.

Niðurstaða

Af fjórum valkostum um eignarhald á húsnæði í málaflokki fatlaðra eru tveir sem standa upp úr, annars vegar samstarf við Brák og hins vegar samstarf við sveitarfélögin. Báðir þessir valkostir eru góðir og má færa rök fyrir þeim báðum. Helst ber að nefna að hjá Brák er sérfræðiþekking á uppbyggingu á ódýru húsnæði á meðan sveitarfélögin hafa meiri stýringu á verkefninu og nýtingu til framtíðar væri eignarhaldið hjá þeim.

Að Bergrisanum standa þrettán sveitarfélög - mis fjölmenn, mis víðfeðm, mismunandi stöð fjárhagslega og með mismunandi sterka innviði til að takast á við uppbyggingu húsnæðis og því gæti verið erfitt að velja eina leið sem hentar öllum. Annar valkostur gæti því verið að sameina þessar tvær leiðir. Væri þá t.d. hægt að byrja á samtali Bergrisans og viðkomandi sveitarfélags um bæði vilja og möguleika á aðkomu sveitarfélagsins að eignarhaldinu. Ákveði sveitarfélagið að gefa það frá sér þá sé leitað til Brákar.

Varðandi Arnardrang hses. þá er lagt til að leggja félagið niður og einblína frekar á Brák, sveitarfélögin eða báða valkosti eins og að ofan greinir.

Selfossi, 18. október 2024

Bjarki R. Kristjánsson

VIÐAUKI

Samanburður við Brák

Brák

- 2.480 Meðalleiguverð pr. fm
- 3.066 Dýrasta leiguverð (Akranes)
- 2.462 Meðalleiguverð nýjustu eigna - afhentar í ágúst (Vík og Klaustur)
- 2.874 Meðalleiguverð í búsetukjarna í Fjarðarbyggð (Búðareyri 10)

Nauthagi 2

- 285.451.706 Heildarkostnaður að frádregnu stofnframlagi - staða 31. ágúst
- 514,2 Stærð húsnæðis
- 555.138 Verð pr. fm að frádregnu stofnframlagi - staða 31. ágúst

286.000.000 Áætlað lán HMS (256 mkr)/Bergriða (30 mkr)

- 1.250.000 Áætluð afborgun lána á mánuði
- 356.000 Annar rekstur á mánuði
- 1.606.000 Samtals rekstur á mánuði

- 333,8 Stærð íbúða - fm
- 975.474 Húsaleiga íbúða á mánuði (til viðbótar er greiddur hiti og rafmagn)
- 2.922 Meðalleiga íbúða pr. fm
- 959.341 Húsaleiga m.v. meðalleiguverð í Fjarðarbyggð
- 827.824 Húsaleiga m.v. meðalleiguverð hjá Brák

- 180,4 Stærð sameiginlegra rýma - fm
- 630.526 Húsaleiga sameiginlegra rýma á mánuði (til viðbótar er greiddur hiti og rafmagn)
- 3.495 Meðalleiga sameiginlegra rýma pr. fm
- 518.470 Húsaleiga m.v. meðalleiguverð í Fjarðarbyggð
- 447.392 Húsaleiga m.v. meðalleiguverð hjá Brák

Sviðsmynd 1 - miðað við meðaleigu í Fjarðarbyggð og núverandi vaxtastig

- 128.189 Samtals umfram leiguverð á mánuði - kostnaður sem leigjendur og Bergriðinn/eigendur Arnardrangs þurfa að bera
- 300.000 Kostnaður við stöðugildi hjá Arnardrangi - kostnaður sem eigendur Arnardrangs þurfa að bera
- 428.189 Samtals aukakostnaður við að reka Arnardrang sjálf á mánuði

Sviðsmynd 2 - miðað við meðaleigu hjá Brák

- 330.784 Samtals umfram leiguverð á mánuði - kostnaður sem leigjendur og Bergriðinn/eigendur Arnardrangs þurfa að bera
- 300.000 Kostnaður við stöðugildi hjá Arnardrangi - kostnaður sem eigendur Arnardrangs þurfa að bera
- 630.784 Samtals aukakostnaður við að reka Arnardrang sjálf á mánuði

Fundargerð 77. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2024, miðvikudaginn 13. nóvember kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn Gréta Mar Jósépsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum 2023-2024 - 2311002SK**
Íris setti fund og bauð nýja stjórn velkomna til starfa. Byrjaði hún á því að bjóða sig fram til formanns og var það samþykkt.

2. **Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum 2023-2024 - 2311002SK**
Lögð var fram áætlun um stjórnarfundir samtakanna fyrir komandi ár.

15. janúar 2025

12. mars 2025

21. maí 2025

3. september 2025

24. september 2025 (auka fundur til undirbúings aðalfundar)

1. október 2025 (aðalfundur kl. 11:30)

12. nóvember 2025

Fundaáætlun samþykkt.

3. **Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum - önnur mál - 2311004SK**

Íris og Kristinn sóttu haustfund Landsvirkjunar sem haldinn var 30. október sl. á hótél Selfossi.

Þar var fjallað um hvernig hægt væri að skipta markaðinum með tilliti til hækkandi orkuverðs, sem hefur aukist um 10-20%. Stórir aðilar bjóða nú hátt verð í forgangsorkuna, sem hefur áhrif á almenning, sveitarfélögin og minni fyrirtæki.

Landsvirkjun hefur hafið vinnu við tvískiptingu gjaldskrár, sem er lykilatriði í því að tryggja jafnræði í orkuskiptingu. Annað stórt mál á dagskrá, vegna vaxandi ásóknar í raforku og síhækkandi orkuverðs, er nauðsyn á nýrri löggjöf til að tryggja orkuöryggi almennings og verja þann hóp fyrir hækkunum. Hluti af orkupörf almennings eru stofnandir sveitarfélaganna, grunnstoðir á borð

við skóla, leikskóla, sundlaugar og aðrar opinberar stofnanir. Málið varðar allan almenning, ekki aðeins köldusvæðin.

Stjórnin samþykkti að setja þessi atriði í forgang og að taka frekara samtal við Landsvirkjun og stjórnvöld um næstu skref.

Fundi var slitið kl. 09:00



Aðalfundur
Sorpstöðvar Suðurlands bs
haldinn á Hótel Örk
1. nóvember 2024

Nóvember 2024

1. Setning

Anton Kári Halldórsson, formaður SOS setur fundinn.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefnir Dagnýju Sif Sigurbjörnsdóttur og Pétur Georg Markan frá Hveragerðisbæ sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Er það samþykkt samhljóða.

Formaður felur fundarstjórum stjórn fundarins.

3. Kosning í kjörbréfa- og kjörnefnd

Lögð er fram svohljóðandi tillaga kjörnefndar að kjörbréfanefnd:

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir

Sigurjón Vídalín Guðmundsson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Sveitarfélag

Hrunamannahreppur

Sveitarfélagið Árborg

Rangárþing ytra

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfanefnd þegar til starfa.

4. Skýrsla stjórnar

Anton Kári Halldórsson, formaður flytur skýrslu stjórnar, kynnir hann stjórn sína. Haldnir hafa verið átta stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi. Hlutverk SOS hefur tekið talsverðum breytingum á liðnum árum þar sem það er ekki lengur í höndum SOS að tryggja farveg úrgangs frá aðildarsveitarfélögum nema að litlu leyti. Flest sveitarfélög innan SOS eru til fyrirmyndar er kemur að meðhöndlun úrgangs. Alltaf er verið að leita að nýjum og hagkvæmari lausnum. Helst er unnið að lausnum fyrir úrgang sem erfitt er að finna farveg fyrir og má þar helst nefna dýraleifar í áhættuflokki 1 og úrgang úr fitugildrum og spilar Orkugerðin þar stórt hlutverk.

Mest allt brennanlegt sorp sem safnað er á Suðurlandi er flutt út og nýtt til orkuvinnslu, það er vaxandi eftirspurn erlendis frá eftir brennanlegum úrgangi en kostnaðurinn er mikill og fer líklega vaxandi.

Umhverfissérfræðingur hjá SASS heldur utan um tölulegar upplýsingar um úrgangsmagn, flokka og kostnað. Það er mikilvægt að sveitarfélögin rýni fyrirbyggjandi gögn og komi með ábendingar til SASS um það sem betur má fara.

Samráðsnefnd sorpsamlaga á Suðvesturlandi vinnur enn að því að finna farsælar leiðir í úrgangsmálum og skoða nú m.a. hagkvæmni við að byggja hátækni brennslustöð á Íslandi. Fyrirhuguð er stofnun undirbúningsfélags til að leiða verkefnið áfram. Gert er ráð fyrir að ríkið eigi og reki stöðina, einnig er í skoðun hvar besta staðsetningin sé.

Það er í gildi samningur við EFLU um mælingar og vöktun á urðunarsvæðinu við Kirkjuferjuháleigu en til að uppfylla opinberar kröfur Umhverfisstofnunar þarf að mæla frárennsli og fleira reglulega.

Svæðið lítur vel út og er til sóma fyrir SOS en kostnaðurinn við að uppfylla kröfur við vöktunina er nokkur. Verið er að kanna möguleika á að selja jörðina en farið verður betur yfir það síðar á fundinum.

SOS er stærsti hluthafi í Orkugerðinni. Staðið hafa yfir framkvæmdir og stækkun á verksmiðjunni. Nýr sjóðari og ketill voru teknir í notkun og hefur það skilað meiri afkasta- og framleiðsluaukningu. Unnið er að aðgerðum varðandi lyktareyðingu. Einnig er komið á virkt samtal milli ráðuneytis og Orkugerðarinnar og því ber að fagna.

Endurnýjaður var samningur við SASS en þar er unnið að ákveðnum verkefnum fyrir SOS og hefur samstarfið gengið vel. Fyrirhuguð er í samvinnu við SASS um að blása lífi í verkefnið Umhverfis Suðurland.

Formaður SOS ásamt fleirum hélt til Finnlands á árinu til að kynna sér örbrennslustöð sorps hjá fyrirtækinu Ferroplan/Ferropower. Var þetta virkilega áhugaverð heimsókn. Nú er í skoðun uppsetning á slíkri stöð á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.

Að lokum segir hann að úrgangsmál sveitarfélaga eru og verða um ókomna tíð eitt af stóru verkefnum hvers sveitarfélags en sveitarfélög á Suðurlandi hafa verið í fararbroddi í úrlausnum sorpmála.

5. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörnefndar

Aldís Hafsteinsdóttir formaður kjörbréfanefndar kveður sér hljóðs og gerir grein fyrir kjörbréfum. Alls eru 9 kjörnir fulltrúar. Gild kjörbréf eru fyrir 9 aðalfulltrúa.

Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

6. Mál til afgreiðslu

a) Ársskýrsla SOS 2023 - 2024

Eru henni gerð skil í skýrslu stjórnar fyrr á fundinum.

b) Endurskoðaður ársreikningur 2023

Anton Kári kynnir ársreikning fyrir árið 2023, þar kemur fram að rekstrarhagnaður nam rúmlega 1 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er bókfært eigið fé 128,2 m.kr.

c) Tillaga að fjárhagsáætlun 2025

Anton Kári kynnir fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

Helstu tölur eru þær að rekstrartekjur verði áfram 10 m.kr. og rekstrargjöld 16,7 m.kr. Áætlað er að tap ársins verði um 3 m.kr.

d) Tillaga að gjaldskrá

Tillaga til aðalfundar SOS 1. nóvember 2024 um tekjustofn (gjaldskrá).

Fram til loka árs 2018 byggði tekjustofn SOS á umsýslugjaldi sem lagt var á allan úrgang sem fór til urðunar og var gjaldið 0,76 kr./kg. án vsk.

Á aðalfundi SOS árið 2018 var tekjuginni SOS breytt og skyldi hann framvegis byggja á brunabótamati sem vigti 70% og á fjölda íbúa sem vigti 30% í hverju sveitarfélagi sem aðild á að SOS, sbr. töflu hér að neðan.

Í töflunni hér á eftir má sjá hvernig gjaldið skiptist á sveitarfélögin sem aðild eiga að SOS gefið að markaður tekjustofn Sorpstöðvarinnar á ári sé að fjárhæð 10 m.kr. og ef miðað er við að brunabótamat vigti 70% (stofn frá 31. desember 2023) og fjöldi íbúa vigti 30% (1. janúar 2024). Í dálknum „Samtals gjald“ má sjá hvernig árgjaldið til SOS skiptist á einstök sveitarfélög m.v. fyrrgreindar forsendur.

Innheimta á gjaldið 1. febrúar og 1. júlí ár hvert.

	Íbúafjöldi 01.01.24*	Brunabótamat 31.12.23**		
Sveitarfélag	Gjald	Gjald	Samtals gjald	%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	69.139	361.669	430.808	4,31%
Flóahreppur	81.774	210.364	292.138	2,92%
Sveitarfélagið Árborg	1.352.948	1.935.873	3.288.821	32,89%
Hrunamannahreppur	101.193	301.242	402.435	4,02%
Bláskógabyggð	154.656	736.606	891.262	8,91%
Grímsnes- og Grafningshreppur	63.056	838.836	901.892	9,02%
Hveragerðisbær	381.961	535.015	916.975	9,17%
Sorpstöð Rangárvallasýslu	487.482	1.420.672	1.908.155	19,08%
Sveitarfélagið Ölfus	307.791	659.722	967.513	9,68%
Samtals	3.000.000	7.000.000	10.000.000	100,00%
	Gjald	Gjald	Samtals gjald	%
Sorpstöð Rangárvallasýslu	218.414	600.362	818.776	8,19%
Rangárþing ytra	234.792	575.017	809.809	8,10%
Ásahreppur	34.277	245.293	279.570	2,80%
Sorpstöð Rangárvallasýslu	487.482	1.420.672	1.908.155	19,08%
Marktekjur kr. 10.000.000.-				
Vægi íbúa fjölda 30%				
Vægi Bruna bótamats 70%				

e) Tillaga um þóknun stjórnar

Tillaga til aðalfundar SOS 1. nóvember 2024 um þóknun stjórnar.

1. Laun stjórnar skulu nema 3,0% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 4,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Fyrir aðra fundi skulu þau nema 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.

2. Fulltrúar í stjórn skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað

f) Tillögur að breytingum á samþykktum

Engar tillögur bárust.

g) Tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum

Engar tillögur bárust.

h) Umræður um framtíð Kirkjuferjuháleiga

Steinn Erla Kolbeinsdóttir hdl. og Aníta Rögnvaldsdóttir hdl. frá Lögmönnum Suðurlandi kynna niðurstöður minnisblaðs um framtíðarmöguleika varðandi sölu Kirkjuferjuháleigu og svara fyrirspurnum fundarmanna.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Kjartan Björnsson, Eggert Valur Guðmundsson, Árni Eiríksson, og Bjarni Guðmundsson taka til máls.

7. Erindi: Formaður fer yfir magn og kostnað úrgangs á starfssvæði SOS 2023

Anton Kári formaður vísar fundarmönnum á skýrslu umhverfissérfræðings SASS sem liggur fyrir fundinum í fundargögnum. Hann ítrekar mikilvægi þess að sveitarfélögin rýni fyrirbyggjandi gögn og komi með ábendingar til SASS um það sem betur má fara.

8. Erindi: Fulltrúar Pure North kynna nýútkomna skýrslu um greiningu á kostnaði og tekjum sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs

Börkur Smári Kristinsson, rekstrarstjóri Pure North í Hveragerði kynnir fyrirtækið en þeir reka einu plastendurvinnslu landsins og eru að endurvinna um 12 tonn á ári. Einnig eru þeir með ráðgjafateymi og hugbúnaðarlausnir á sviði umhverfismála.

Fyrirtækið gerði greiningu fyrir Samband Ísl. sveitarfélaga á kostnaði og tekjum fimm sveitarfélaga vegna meðhöndlunar á úrgangi.

Ekki var hægt að bera saman móttöku- og grenndarstöðvar, aðeins var hægt að bera saman blandaðan úrgang, matarleifar, pappír og plast frá íbúum. Garðabær, Ísafjörður, Skagafjörður, Rangárþing eystra og Suðurnesjabær tóku þátt í verkefninu. Fer hann yfir samanburðartölur, kg. á hvern íbúa, en það var breytilegt sérstaklega í blandaða úrganginum einnig fór hann yfir heildarkostnað á kg. Pappír og plast er dýrast.

Það er breytilegt milli þessara fimm sveitarfélaga hvar kostnaðurinn liggur. Fer hann yfir kostnað yfir móttöku og söfnunarkostnað.

Niðurstaða skýrslunnar er að það þarf að staðla þetta betur til að fá betri yfirsýn og það þurfa allir aðilar sem verslað er við að senda niðurstöður. Erfitt að treysta öllum upplýsingum, það er mikill breytileiki í kostnaði og reikningarnir eru mjög mismunandi og gefa misgóðar upplýsingar.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Til máls tekur Fjóla St. Kristinsdóttir.

9. Almennar umræður

10. Afgreiðsla

á b. lið og tillögum c., d., og e., f. og g. í 6. dagskrárlið

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillögur. Enginn tekur til máls.

b) Lagt er til að endurskoðaður ársreikningur 2023 verði samþykktur.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

c) Lagt er til að fjárhagsáætlun 2025 verði samþykkt.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

d) Lagt er til að gjaldskrá verði samþykkt.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

e) Lagt er til að tillaga um þóknun stjórnar verði samþykkt.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

f) Lagt er til að tillögur að breytingum á samþykktum verði samþykkar

Engar tillögur að breytingum á samþykktum bárust sem þarf að afgreiða sérstaklega.

g) Lagt er til að tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum verði samþykktar.

Engar aðrar tillögur bárust sem þarf að afgreiða sérstaklega.

11. Kosningar Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands, 5 menn og 5 til vara

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar SOS, leggur til eftirfarandi tillögur kjörnefndar að skipan í stjórn Sorpstöðvar Suðurlands.

Eftirfarandi er tillaga kjörnefndar að skipan stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands til eins árs:

Aðalmenn:

Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur

Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg

Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerðisbær

Jón G. Valgeirsson, Rangárþing ytra.

Varamenn:

Eggert Valur Guðmundsson, Rangárþing ytra

Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg

Helga Lind Pálsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Ingibjörg Kjartansdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

Kjörnefnd leggur til eftirfarandi tillögu um formann og varaformann sem skal kjósa sérstaklega á aðalfundinum úr hópi aðalmanna í stjórn.

Formaður: Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur

Varaformaður: Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ása Valdís Árnadóttir nýkjörinn formaður tekur til máls og þakkar fyrir það traust sem henni er sýnt en um leið þakkar hún fráfarandi formanni fyrir samstarfið.

Fundi slitið kl. 10:18.

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.